



## ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2007 - 31. ágúst 2008

**RÍV**


RÍKISÚTVARPIÐ OHF.



**ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.**

1. september 2007 - 31. ágúst 2008

## SKIPURIT RÍKISÚTVARPSINS OHF.



RÍKISÚTVARPIÐ OHF.

SKIPURIT ÁGÚST 2008

### STJÓRN:

Ómar Benediktsson, formaður  
Margrét Frímannsdóttir  
Ari Skúlason  
Kristín Edwald  
Svanhildur Kaaber

### VARAMENN:

Dagný Jónsdóttir  
Eva Bjarnadóttir  
Lóvís Óladóttir  
Signý Ormarsdóttir  
Sigurður Aðils Guðmundsson

### ÚTVARPSSTJÓRI/FRAMKVÆMDASTJÓRI

Páll Magnússon

AÐALFUNDUR RÍKISÚTVARPSINS OHF.

28. janúar 2009

---

**ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.**

1. september 2007 - 31. ágúst 2008

**EFNISYFIRLIT:**

Inngangur .....	6
Hljóðvarp.....	8
Rás 1 .....	9
Rás 2 .....	18
Sjónvarpið .....	22
Fréttabjónusta .....	28
Vefurinn .....	32
Önnur starfsemi.....	33
Ársreikningur.....	35
Áritun óháðra endurskoðenda.....	37
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	38
Rekstrarreikningur.....	39
Efnahagsreikningur.....	40
Sjóðstreymi .....	41
Skýringar .....	42-49

## INNGANGUR

Sú ársskýrsla sem hér birtist er fyrir reikningsárið 1. september 2007 til 31. ágúst 2008. Þetta er í fyrsta skipti sem gert er upp heilt rekstrarár hjá Ríkisútvarpinu ohf. Á hluthafafundi félagsins 16. nóvember 2007 var ákveðið að breyta uppgjörstímabilinu úr almanaksárinu í rekstrartímabilið 1. september til 31. ágúst. Í dagskrárlegu samhengi er þetta rökréttara – fylgir heilu vetrar- og sumartímabili – og rekstrarlega auðveldar þetta áætlanagerð, eftirlit og stjórnun. Vert er að hafa í huga að það er nokkrum

vandkvæðum bundið að bera þessa ársskýrslu saman við þá fyrstu enda var þar aðeins verið að gera upp fimm mánuði, sumardagskrá auk eins mánaðar í vetrardagskrá.

Rekstrarreikningurinn sýnir tæplega 739,5 m.kr. tap. Þar af má rekja um 400 m.kr. til þess að verðbólga var langt umfram áætlanir og 245 m.kr. til þess að afnotagjald hefur ekki haldið raungildi sínu miðað við árið 2006 – eins og gert var ráð fyrir við gerð stofnefnahagsreiknings og í þjónustu-

samningi við menntamálaráðuneytið. Hefði þetta ekki komið til hefði tapið orðið tæpar 95 m.kr. eða vel undir áætlun en upphaflega var reiknað með 170 m.kr. tapi á árinu. Tap undanfarinna tveggja ára veldur því að eigið fé er næstum upp urið og stendur nú í 31 m.kr.

Af sjálfu leiðir að þessi erfiðu rekstrarskilyrði settu svip sinn á allt starf stjórnar og stjórnenda – einkum á síðari hluta rekstrartímabilsins. Þrátt fyrir það var dagskrárstarfið á öllum



*Fjörlegar umræður á torgi Útvarpshússins*



*Sigurður Narfi Rúnarsson myndatökumaður Sjónvarpsins í aðalstúdíói*



*Georg Magnússon tækniamaður*



*Sigmar Guðmundsson spáir í spilin*

miðlum RÚV með miklum blóma og eru því gerð nánari skil í meginmáli þessarar skýrslu. Einn gleðilegasti og jákvæðasti viðburðurinn í starfsemi Ríkisútvarpsins á síðasta ári var að samningar tókust við Félag íslenskra leikara annars vegar og Félag íslenskra hljómlistarmanna hins vegar um notkun á eldra efni í safni RÚV. Vegna þess að slíkir samningar hafa ekki tekist áður hefur verið afar tafsamnt og kostnaðarsamt fyrir RÚV að nýta sér í dagskrárgerð þær perlur sem er að finna í safni þess. Segja má að með þessum nýju samningum hafi „gullkistan“ verið opnuð og aðgangur almennings að mörgum ómetanlegum listaverkum verið tryggður.

Hlutverk Ríkisútvarpsins í íslensku samfélagi er margslungið og mikilvægt, og skyldur þess við almenn- ing, eiganda sinn, eru fjölpættar. Hin gömlu markmið að „fræða, upplýsa og skemmta“ eru enn í fullu gildi. Almenn- ingur ber gríðarlegt traust til Ríkisútvarpsins, sem kemur ítrekað fram í öllum könnunum þar að lú- andi. Það á ekki síst við þegar eitthvað bjátar á og hremmingar steðja að, - þá snýr fólk sér til Ríkisútvarpsins. Það er grundvallaratriði í starfsemi Rík- isútvarpsins – sjálfur kjarninn í tilvist þess – að bregðast ekki þessu trausti.



*Kaffibollinn er aldrei langt undan*



## HLJÓÐVARP

Hljóðvarpið gegnir mikilvægu hlutverki í lífi þjóðarinnar. Það flytur fréttir, fræðslu- og skemmtiefni og veitir hlustendum þannig félagsskap og fræðslu. Hljóðvarpið er lifandi vettvangur fyrir þjóðmálaumræðuna og kafar undir yfirborðið að kjarnanum.

Helsta flokkun dagskrárefnis hljóðvarps var sem hér segir:		
Heiti	Rás 1 [klst.]	Rás 2 [klst.]
Samfélags- og dægurmál	868	2.247
Skemmtiefni	537	79
Trúmál	103	1
Leikið efni	85	1
Vísindi- og fræðslufni	1.667	28
Klassísk/létt klassísk tónlist	3.486	11
Dægurtónlist	544	4.369
Fréttir og fréttatengt efni	1.152	1.590
Íþróttir	0	125
Auglýsingar	261	331
Kynningar	81	2
SAMTALS	8.784	8.784



Mark R. Eldred að störfum í hljóðstúdíói



## RÁS 1

Rás 1 á sér langa sögu og stundum er talað um „gömlu Gufuna“. En Gufan er ekki íhaldsöm. Hún er í stöðugri endurskoðun og þróun, hún er í senn bæði hefðbundin og frumleg, gömul og ný. Dagskráin var lengd um sex klukkutíma á sólarhring og eru nú sjálfstæðar útsendingar á Rás 1 allan sólarhringinn, þar sem samtengingu rásanna að næturlagi var hætt á tímabilinu. Síggildar tónlistarperlur, úrval af því besta sem evrópskt tónlistarfólk flytur, gleður nú náttúrfarna landsins. Áður voru rásirnar tvær samtengdar yfir nóttina og boðið upp á endurflutt efni af báðum rásum. Þessi nýja þjónusta Rásar 1 hefur mælst mjög vel fyrir og hefur í för með sér að í hverri viku eykst framboð útvarpsefnis um 35 klukkustundir. Starfsár Rásar 1 einkenndist af stöðugleika og sókn. Litlar breytingar urðu í röðum starfsmanna.

### TALAÐ MÁL

Vægi talaðs máls á Rás 1 er mikið. Þetta efni er ýmist framleitt af starfsmönnum Rásar 1 eða af sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarfólki. Þetta verklag stuðlar að aukinni fjölbreytni í framsetningu á efni og efnistöðum. Yngsta dagskrárgerðarfólkið á Rás 1 er enn á táningsaldri en það elsta á áttræðisaldri.

Haustið 2007 hófu ýmsir nýir þættir göngu sína á Rás 1. Meðal þeirra var *Kvika*, útvarpsþáttur helgaður kvikmyndalistinni. Langt er síðan fastir kvikmyndþættir voru á dagskrá Rásar 1. Í þættinum er fjallað um kvikmyndir, rætt við fagfólk og áhugamenn, leikin



*Þjónar síns tíma*

tónlist og sagt frá reynslu áhorfenda. Meðal aðkeyptra raða var þátturinn *Á sporbraut*, þar sem alþjóðamál og mannréttindi voru til umfjöllunar. Rætt var við ýmsa sérfræðinga, bæði innlenda og erlenda, um þróun efnahagsmála í Kína, þúsaldar markmið Sameinuðu þjóðanna um þróun, réttarstöðu flóttafólks, málefni Norðurslóða, landgræðslu og jafnréttismál, valdheimildir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, stöðu kvenna í Mið-Austurlöndum og þannig mætti lengi telja.

*Flækingur* var einnig aðkeypt þáttaröð yfir sumarið. Þátturinn byggði á samtölum við fólk í landinu og var á dagskrá síðdegis alla virka daga yfir þriggja mánaða tímabil. Umsjónarmenn voru tveir og fóru þeir á fjölda staða á landinu, gjarnan utan alfarar

leiðar og tóku púlsinn á mannlífínu á staðnum. Meðal annars voru þeir með útsendingu frá Hornströndum, toppi Heklu, Þórshöfn á Langanesi og Flatey á Breiðafirði. Þessi þáttur var einfaldur að gerð og byggðist á notkun nýrrar vinnslutækni. Þannig staðfesti þessi þáttagerð að það þarf ekki alltaf flókinn tæknibúnað til þess að framleiða efni utanhúss.

Neytendapátturinn *Dr. RÚV* var einnig á dagskrá þessa starfsár. Þar er lögð áhersla á þjónustu við neytendur á ýmsum sviðum, t.d. um lýðheilsu- og heilbrigðismál, umhverfis- og samgöngumál, trygginga- og innflytjendamál og húsnæðis- og heimilismál.

*Leynifélagið* – þáttur fyrir yngstu hlutendurnar tók við af þættinum *Vitanum* sem hafði verið á dagskrá Rásar 1

## RÁS 1

um árabíl. *Pollapönk* var líka nýr þáttur fyrir sama markhóp. Útsendingum barnaefnis var fjölgað og lögð sérstök áhersla á að auglýsa upp þetta efni enda mikilvægt að ná til ungu kynslóðarinnar og kenna henni að njóta útvarps. Sem liður í þessu var ákveðið að hafa *Leynifélagið* á dagskrá yfir sumarið – öfugt við það sem áður var þegar barnatíminn fór í sumarfrí.

Annar liður í viðleitni Rásar 1 til þess að ná til unga fólksins var nýr þáttur, *Stjörnuvíkír*. Þátturinn er helgaður listnámi og skapandi starfi með börnum og ungu fólki. Rætt hefur verið við fjölmarga listamenn, kennara og aðra fræðimenn í þáttunum um gildi hins skapandi starfs og lista í námi fólks. Ungir listamenn og skapandi krakkar hafa deilt með hlustendum ljóðum, lögum, sögum, leikverkum, myndlist og hugmyndum. Margir skólar hafa verið heimsóttir, leik-, grunn-, og framhaldsskólar.



*Ómissandi tæki*

Nýr sumarþáttur fyrir unglinga, *Mánafföll*, hóf göngu sína. Dagskrárgerðarmennirnir, báðir menntaskólarnemar, lögðu áherslu á að taka fyrir



*Leifur Hauksson að störfum*

málefni sem varða ungu kynslóðina á eigin forsendum. Efnið sem tekið var fyrir einkenndist af fjölbreytni, s.s. veggjakrot, borgarskipulag, myndlist og tónlist.

Þetta eru aðeins örfá dæmi um nýjungar á dagskrá Rásar 1 síðasta starfsár en fastir rötgrónir vikulegir þættir glöddu hlustendur áfram. Þar má nefna *Kvöldgesti*, *Andrarímur*, *Seið og hélog*, *Orð skulu standa*, *Flakk*, *Krossgötur*, *Út um grænar grundir*, *Sagnslóð*, *Óskastundina* og úrval vikulegra tónlistarþátta af ýmsum toga. Listinn er langur og alls ekki tæmdur en þessir fjölbreyttu þættir eru ýmist unnir af föstu starfsfólki Rásar 1 eða sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarmönnum.

Ekki má gleyma daglegum þáttum Rásar 1. *Vítt og breitt* er þáttur sem leitast við að bjóða upp á fræðandi afþreyingu með vangaveltum, spjalli og tónlist, alla virka daga eftir hádegi.

Tveir liðir um íslenska tungu, sem um langt árabíl voru á dagskrá Rásar 1, eru nú innan vébanda þáttarins. Annars vegar er um að ræða þáttinn *Íslenskt mál* þar sem safnað er orðaskýringum, hins vegar *Daglegt mál*, sem nú er í samtalsformi og rætt við Aðalstein Davíðsson, málfráðunaut Ríkisútvarpsins.

*Viðsjá* er þáttur sem fjallar um menningu á breiðum grundvelli, innanlands og utan. Þessi þáttur hefur verið í fararbroddi með beitta umfjöllun, sem vakið hefur athygli hlustenda og vitnað er í. Nánar verður fjallað um þáttinn undir liðnum bókmenntir hér á eftir.

Þátturinn *Samfélagið í nærmynd* á sinn dygga hlustendahóp og hefur gjarnan skorað hátt í hlustendakönnunum. Þarna eru þjóðfélagsmálin skoðuð frá ýmsum hliðum og m.a. fjallað um heilbrigðismál, félagsmál og atvinnumál.

## TÓNLIST

Hlutur tónlistar í dagskrá Rásar 1 var stóráukinn á rekstrartímabilinu og klassísk tónlist fékk aukið vægi.

Ný þáttaröð, þar sem klassísk tónlist var í öndvegi, var á dagskrá mánu- daga til fimmtudaga kl. 14 en þar voru umsjónarmenn þau Arndís Björk Ásgeirsdóttir, Una Margrét Jónsdóttir, Bergþóra Jónsdóttir og Einar Jóhann- ession.

Magnús Lyngdal Magnússon sá um nýjan óperuþátt á laugardagskvöldum

og hins vegar þáttur Arndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur, *Hvað er að heyra*, sem er spurningaleikur um klassíska tón- list. Elísabet Indra Ragnarsdóttir sá á föstudögum um nýjan þátt, *Stjörnu- kiki*, áhugaverðan þátt um börn og menningu.

Áfram var útvarpað föstum liðum þar sem fjallað var um tónlist og leikin tónlist af öllum gerðum og úr öllum áttum. Má þar nefna heimstónlist- arþátt Sigríðar Stephensen, *Til allra átta*, *Brot af eilífðinni*, þátt Jónatans

í tónlistardagskrá Rásar 1 enda hefur Ísland vakið mikla athygli fyrir frjótt tónlistarlíf á síðustu árum. *Hlaupa- nótan* er þungamiðja tónlistar á Rás 1 en þátturinn er á dagskrá alla virka daga og sinnir íslenskum samtíma og því sem athygli vekur á erlendum vett- vangi. Þátturinn var í umsjón Ólafar Sigursveinsdóttur og Höllu Steinunn- ar Stefánsdóttur.

Fjöldmargir tónlistarþættir Rásar 1 miða að því að veita hlustendum ánægju og félagsskap með leikinni tónlist, sem oft heyrast ekki annars staðar. Má þar nefna þætti eins og *Litlu fluguna*, þátt Lönu Kolbrúnar Eddudóttur, *Óskastund* Gerðar G. Bjarklind og danslagabátt Svanhildar Jakobsdóttur þar sem gjarnan heyrast gamlar íslenskar dægurflugur.

Samstarf Ríkisútvarpsins við sam- band evrópskra útvarpsstöðva (Euro- pean Broadcasting Union, „EBU“) er þýðingarmikill þáttur í starfi tón- listardeildar og hafa hlustendur hér heima og erlendis notið þessa sam- starfs í reglulegum útsendingum. Rík- isútvarpið og íslenskt tónlistarlíf hafa með því verið virkir þátttakendur í frjóu samfélagi evrópsks tónlistar- lífs því hljóðritanir Ríkisútvarpsins standa öðrum Evrópuútvarpsstöðv- um til boða auk þess sem Ríkisút- varpið hefur verið þátttakandi í al- þjóðlegum samsendingum til milljóna hlustenda um allan heim. Sem dæmi má nefna árlegan jólatónleikadag EBU. Í þetta sinn var framlag Ríkisút- varpsins til jólatónleikadagsins bein útsending frá tónleikum stúlknakór- ins *Graduale nobili* í Langholtskirkju.



*Evar Kjartansson undirbýr dagskrá*

og einnig hófu göngu sína tveir nýir þættir sem kynntu hlustendum klass- íska tónlist á fræðandi og skemmti- legan hátt. Annars vegar var það þáttaröð tónlistarfræðingsins Árna Heimis Ingólfssonar, *Með á nótnum*,

Garðarssonar, og *Fimm fjórðu*, djass- þátt Lönu Kolbrúnar Eddudóttur sem færðist til í dagskránni og lengdist jafnframt um klukkustund.

Samtímatónlist er mikilvægur þáttur

## RÁS 1

Samstarfið við EBU var stóraukið á árinu. Tónleikaröðinni Endurómi úr Evrópu var útvarpað milli kl. 19 og 20 fjóra daga vikunnar þar var flutt tónlist af ýmsu tagi frá tónlistarhátiðum víðs vegar í Evrópu. Í mars hófust síðan útsendingar á klassísku næturútvarpi EBU á Rás 1 sem var ánægjuleg viðbót við dagskrá rásarinnar.

Einn mikilvægasti þáttur í starfi tónlistardeildarinnar og Ríkisútvarpsins alls er hljóðritun á tónlist.

Með beinum útsendingum frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegnir Rás 1 lykilhlutverki við miðlun tónlistar til allra landsmanna. Útsendingar frá viðburðum eins og sýningum Íslensku óperunnar, Jazzhátið og Listahátið í Reykjavík eru einnig mikilvægir þættir dagskrárinnar. Það eru einnig vikulegar útsendingar í sunnudagsþættinum *Úr tónlistarlífinu* þar sem leikn er sú tónlist sem hæst ber í tónlistarlífinu hverju sinni. Á meðal tónleika sem útvarpað var frá á síðasta ári má auk þess sem þegar hefur verið minnst á nefna tónleika Kammersveitar Reykjavíkur og Tríós Reykjavíkur, hádegistónleikaröðina í Von, tónleika Kammermúsíkkлубbsins í Bústaðakirkju, tónleika á Myrkum músikdögum, Þjóðlagahátíðina á Siglufirði og tónlistarhátiðirnir í Skálholti, Reykholti og á Kirkjubæjarklaustri.

Ríkisútvarpið stendur einnig fyrir stúdíóupptökum sem hafa verið skrautfjöður í hátíðardagskránni, sérstaklega um jól og páska. Á meðal fastra liða er *Jólagag Ríkisútvarpsins* sem pantað er árlega hjá íslensku tónskáldi, en jólagag ársins 2007 var Jólafríður eftir Hildigunni Rúnarsdóttur.



Halla Steinunn Stefánsdóttir umsjónamaður Hlaupanótunnar

Af öðrum stúdíóupptökum, sem Ríkisútvarpið stóð fyrir og útvarpað var í hátíðardagskrá, má nefna hljóðritanir á barokkonsertum með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem einleikarar voru þau Daði Kolbeinsson og Hallfríður Ólafsdóttir; hljóðritun með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Sinfonia concertante eftir Mozart þar sem einleikarar voru þær Auður Hafsteinsdóttir og Þórunn Ósk Marinósdóttir; hljóðritun á Sinfóníu eitt eftir Þorstein

Hauksson með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljóðritun á þremur sönötum eftir Johann Sebastian Bach í flutningi ungra og upprennandi tónlistarmanna, þeirra Margrétar Árnadóttur sellóleikara og Ástríðar Öldu Sigurðardóttur píanóleikara.

Undanfarin tvö ár hefur Ríkisútvarpið nýtt hluta af upptökudögum sínum með Sinfóníuhljómsveit Íslands til að hljóðrita hljómsveitarverk eftir Jón Nordal, eitt okkar merkasta tónskáld, sem fagnaði 80 ára afmæli sínu árið 2006. Markmiðið var að hljóðrita lykilverk Jóns sem sjaldan hafa verið flutt og ekki voru til í fyrsta flokks hljóðritunum. Hljómsveitarstjórinn Petri Sakari var fenginn til að stjórna hljómsveitinni. Þessu metnaðarfulla verkefni lauk í apríl 2008 en þá höfðu verið hljóðrituð eftirfarandi verk: *Konsert fyrir hljómsveit* (1949), *Canto elegiaco* fyrir selló og hljómsveit (1971), *Epitafion* (1974) og *Concerto lyricum* fyrir hörpu og strengi (1975). Í þetta verkefni var ráðist með útgáfu í huga og getur þetta vonandi orðið upphafið að metnaðarfullri röð með hljómsveitarverkum íslenskra tónskálda.

Í ársbyrjun 2007 var ákveðið að halda veglega upp á afmæli franska tónskáldsins Oliviers Messiaens veturinn 2008, en Messiaen hefði orðið 100 ára 10. desember 2008. Af því tilefni var



ákveðið að ráðast í þrjúþætt verkefni sem tengist tónlist þessa merka tónskálds, sem þykir eitt af höfuðtónskáldum 20. aldarinnar.

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari tók að sér það metnaðarfulla verkefni að æfa upp og hljóðrita verkið Tuttugu tillit til Jesúbarnsins

## BÓKMENNTIR

Oft er talað um að Rás 1 sé stóri áhrifa-valdurinn í lífi fólks og jafnvel er rásinni líkt við nokkurs konar alþýðháskóla. Rás 1 vill halda í þetta hlutverk og sinna því vel á tímum þegar hart er barist um hverja mínútu í lífi marga í þjóðfélagi þar sem fólk gefur sér æ minni tíma til þess að staldra við og

kostnaðarsamt í beinum innkaupum þá krefst metnaðarfull bókmenntadagskrá í útvarpi mikillar yfirlegu, fræðilegrar yfirvegunar og frumsköpunar í dagskrárgerð.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framlagi Rásar 1 til bókmennta bæði íslenskra og erlendra.



*Hreinn Valdimarsson meðhöndlar gersemi úr Gullkistu Ríkisútvarpsins*

sem er eitt stórbrotnasta píanóverk 20. aldarinnar og tekur rúmlega tvær klukkustundir í flutningi. Þess má geta að enginn íslenskur píanóleikari hefur leikið það í heild sinni. Upptökur fóru fram í byrjun ágúst og voru sendar út í kringum afmælisdag Messiaens í desember 2008.

lesa. Bókmenntir eru því í öndvegi á Rás 1. Með umfjöllun um bókmenntir, upplestri þeirra og flutningi í leikformi á Rás 1 er leitast við að höfða til breiðs hóps hlustenda og vera um leið virkt afl í bókmenntaumræðu í landinu án þess að glata tengslum við hefð og sögu. Þótt bókmenntaefni sé ekki

Framhaldssögur eiga sér langa sögu á Rás 1 og eiga þær marga dygga hlustendur. Ýmsir af kunnustu höfundum landsins hafa flutt þar eigin verk sem framhaldslestra á árinu: Vigdís Grímsdóttir las Stúlkuna í skóginum, Pétur Gunnarsson Hversdagshöllina, Þórunn Erlu og Valdimarsdóttir Stúlkunni með fingur, Huldur Breiðfjörð Múrinna í Kína, Njörður P. Njarðvík Hafborgu og flutt var saga Thors Vilhjálmssonar, Sveigur. Einnig voru lesnar erlendar úrvalssögur, eins og Barnið og tíminn eftir Ian McEwan. Á sumrin eru klassískar sögur úr safninu gjarnan lesnar sem kvöldsögur og á liðnu sumri var útvarpað lestri Gunnars Gunnarssonar á sögu sinni Svartfugli.

Umsjónarmenn bókmennta á Rás 1 fylgjast náið með bókmenntum bæði innanlands og utan. Þeir leitast við að bregðast við því sem er að gerast og gera grein fyrir nýjum rannsóknunum fræðimanna og áhugafólks um bókmenntir jafnharðan og þær koma fram, en halda jafnframt á lofti því besta frá fyrri tíð. Rás 1 hefur notið einstaks velvilja meðal íslenskra fræðimanna sem veita þjóðinni gjarna aðgang að rannsóknum sínum og hugsunum án þess að komi til sérstaks aukakostnaðar. Á Rás 1 eru

## RÁS 1



*Gersemar leynast á segulböndum*

hefðir einnig í heiðri hafðar og má þar nefna flutning Passíusálmanna með nýjum lesara ár hvert. Með þessum hætti fá hlustendur tilfinningu fyrir samhengi í linnulausri framrás tímans.

Bókmenntadagskrá Rásar 1 árið 2007- 2008 var að vanda bæði fjölbreytt og viðamikil. Stærsti einstaki bókmenntaviðburður ársins var Bókmenntahátíð í Reykjavík haustið 2007. Rás 1 sendi í fyrsta sinn út beint frá setningu hátíðarinnar þar sem m.a. Nóbelsverðlaunahafinn J.M. Coetzee flutti ávarp. Tveir dagskrárgerðarmenn fylgdust með öllum viðburðum bókmenntahátíðar, hljóðrituðu allt sem þar fór fram, ræddu við gesti og bjuggu daglega efni frá hátíðinni til flutnings í þáttunum *Vitt og breitt* og *Víðsjá* á meðan á hátíðinni stóð. Með þessum hætti var Bókmenntahátíð í Reykjavík gerð aðgengileg öllum landsmönnum. Einnig voru tekin lengri viðtöl við valda erlenda höfunda sem notuð voru síðar í bókmenntaþættinum *Seiði og hélogum* sem og í stökum þáttum. Í tilefni þess að Coetzee var gestur hátíðarinnar var

áður gerðri áætlun um útvarpssögur breytt og lestri íslenskrar þýðingar Rúnars Helga Vignissonar á skáldsögu Coetzees, *Vansæmd*, flýtt sem sýnir sveigjanleika dagskrár útvarpsins og framúrskarandi möguleika þess til að þjóna hlustendum; vera í takt við það sem er að gerast hverju sinni og samtímis vera skipulögð og traust.

Menningarþátturinn *Víðsjá* er á dagskrá alla virka daga kl.17:03. Í honum eru bókmenntaviðburðir kynntir og rætt við höfunda og fræðimenn. Frá



*Hvað fer næst undir nálina?*

miðjum október og fram eftir þorra er í *Víðsjá* flutt gagnrýni á nýútkomnar bækur. Þá gagnrýni má jafnframt lesa á heimasíðu þáttarins. Bókmenntaumfjöllun *Víðsjár* er málsmetandi í íslensku samfélagi og oft vitnað til orða umsjónarmanna og gesta þáttarins. Sumarsaga *Víðsjár* var í ár fyrsta skáldsaga Guðbergs Bergssonar, Músín sem læðist, sem höfundur las sérstaklega fyrir þáttinn.

Sunnudagar eru bókmenntadagar á Rás 1. Dagurinn hefst með ljóðaþætti Njarðar P. Njarðvík, *Ársól*, sem er

sannkölluð skrautfjöður í dagskránni yfir vetrarmánuðina. Þar velur og flytur umsjónarmaður ljóð úr íslenskum ljóðaarfi með mismunandi formerkjum, t.d. ljóð um árstíðir, vellíðan, kröpp kjör, upplifun á náttúrunni og leikur á milli stef úr klassískum tónverkum. Þá eru fastir bókmenntaþættir kl. 10.15 árið um kring. Vandað er sérstaklega til þessara þátta. Í ár gerðu dagskrárgerðarmenn Rásar 1 m.a. þáttaraðir um nokkur afmælisbörn, t.d. Sigurð A. Magnússon 80 ára, Stein Steinarr 100 ára, William Faulkner 110 ára og Jónas Hallgrímsson 200 ára, en þeir síðastnefndu voru unnir í samstarfi við Útvarpsleikhúsið. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með að flétta saman ferðasögur og bókmenntir og má þar nefna vandaða þætti Arthúrs Björgvins Bollasonar frá Þýskalandi og þætti Hauks Ingvárssonar *Í lestarferð* um japanskar bókmenntir.

Á sunnudagsmorgnum fær hæfileikafólk utan hóps fastra starfsmanna líka að spreyta sig. Þar má sérstaklega nefna frumraun tveggja ungra kvenna, Ásu Helgu Hjörleifsdóttur og Sigríðar



*Útvarpið hvar og hvenær sem er*

Sunnu Reynisdóttur, sem unnu vandaða þriggja þátta röð um tvífararninn í bókmenntum og kvikmyndum. Þáttaröðin vakti verðskuldaða athygli. Í tveimur þriggja þátta röðum fjölluðu Þorgerður Sigurðardóttir og Þórdís Gísladóttir um gleymdar sögur í tengslum við bókmenntasöguna og samtímann á alþýðlegan og einkar skemmtilegan hátt.

Í þættinum *Seiði og héliogum* á sunnudagskvöldum í vetrardagskrá er bæði sagt frá nýjum erlendum bókmenntum og eldri bókmenntaverkum. Þar er líka fjallað um íslenskar bókmenntir, einkum í tengslum við útgáfuhrinuna sem kennd er við jólabókaflóð. Rætt er við íslenska höfunda og leitast við að greina helstu þætti í bókaútgáfu ársins. Í ársbyrjun eru í þættinum kynnt þau bókmenntaverk sem tilnefnd eru til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Einnig er sagt frá veitingu annarra erlendra bókmenntaverðlauna, verðlaunaverkum og höfundum þeirra, sem vekja athygli hér á landi.

Auk fastra þátta um bókmenntir koma þær víða við sögu í dagskrá Rásar 1, ýmist að gefnu tilefni, vegna framboðs á efni utan stofnunarinnar eða áhuga fastráðinna starfsmanna. Í því sambandi má nefna þætti Sigrúnar R. Ragnarsdóttur um ferðalög Íslendinga í bókmenntum í gegnum tíðina; einnig þætti Maríu Kristjánsdóttur, m.a. um leikskáldið George Tabori, og þáttaröð Jóns Knúts Ásmundssonar um bandaríska blaðamanninn og rithöfundinn Hunter S. Thompson. Á hátíðum og tyllidögum eru framleidd-

ir sérstakir þættir þar sem skáldskapur kemur við sögu. Sem dæmi um slíka þætti má nefna þátt Eiríks Guðmundssonar um Þorstein frá Hamri sem fagnaði bæði 70 ára afmæli og 50 ára höfundarafmæli 2008. Þá er rétt að geta þáttarins *Í heyrenda hljóði* sem er á dagskrá á þriðjudagskvöldum yfir

sinna. Þá er samantekt frá Ritþingi í Gerðubergi ævinlega útvarpað sem sérstökum dagskrárlið. Yfir sumar mánuðina eru undir merkjum Kvöld-sögunnar fluttar klassískar íslenskar skáldsögur og þýðingar. Tilraunir hafa verið gerðar með að gera þessar sögur aðgengilegar á hlaðvarpinu og



Guðmundur Gunnarsson „Flækjgur“ tekur vegfaranda tali

vetrarmánuðina. Þar eru fluttar upptökur frá málþingum og fundum um fjölbreytt efni, þar á meðal bókmenntir. Þannig er efnið gert aðgengilegt mun fleira fólki en stað- og tímabundinn viðburður gefur tilefni til. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir. Vert er að undirstrika einstakt samstarf Rásar 1 við fræðimenn og rithöfunda sem iðulega gefa flutningsrétt fyrirlestra

á Ólafur Thoroddsen tækniáður sérstakan heiður skilinn fyrir frumkvæði að því að þrileikur Ólafs Jóhanns Sigurðssonar um Pál blaðmann er nú aðgengilegur á netinu. Unnið er að því að hlustendur fái sams konar aðgang að Svartfugli í lestri Gunnars Gunnarssonar sem fluttur var að nýju sumarið 2008.



## RÁS 1



*Vidar Eggertsson fylgist með upptöku útvarpsleikhússins ásamt Georgi Magnússyni tæknimanni*

### ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ

Helstu markmið með Útvarpsleikhúsinu eru að skapa framsækið hljóðleikhús sem speglar íslenskan veruleika á áhugaverðan hátt og svarar forvitni hlustenda um nýja alþjóðlega strauma. Þannig er leitast við að viðhalda áhuga á sígildri menningu og stöðugri endurskoðun á því hvaða boðskap hún ber til nýrra tíma. Útvarpsleikhúsið staðsetur sig á mörkuum leikhúss, sjónvarps og kvikmynda og vill hafa gagnvirkt samband við sem flestar listgreinar. Útvarpsleikhúsið kappkostar að efla það listform sem útvarpið hefur skapað og er einstakt. 1. janúar 2008 lét Hallmar Sigurðsson af störfum sem verkefnisstjóri leiklistar en við starfi hans tók Vidar Eggertsson.

Útvarpsleikhúsið hefur í 60 ár hljóð-

ritað leik flestallra leikara landsins. Mörg leikskáld hafa hlotið eldskírni sína í glímu við útvarpsleikritunarformið og fjöldi tónskálda hefur samið tónlist sérstaklega fyrir Útvarpsleikhúsið. Þá er Útvarpsleikhúsið mikilvægur starfsvettvangur leikstjóra á Íslandi og hefur gefið mörgum þeirra tækifæri til að eflast í list sinni.

Á dagskrá Útvarpsleikhússins á árinu, sem um er fjallað, voru frumflutt leikrit og endurtekin frá fyrri árum, bæði eftir íslenska og erlenda höfunda. Leikritin voru ýmist flutt í einni útsendingu eða sem framhaldsleikrit. Þá voru frumfluttir heimildabættir (fléttur) og endurteknir þættir frá fyrri árum sumir með leikum atriðum. Hádegisleikhús var á dagskránni á virkum dögum yfir sumarmánuðina.

Útvarpsleikhúsið stóð fyrir fimm tilraunaverkefnum með jafn mörgum ungum listakönnum sem spunnu hljóðverk undir samheitinu Sírenur og flutti einnig tilraunaverk ungra leiklistarnema í Listaháskóla Íslands um arfleifð skáldsins Steinars Sigurjónssonar.



*Sjón og Birgitta Björnsdóttir við upptökur í Útvarpsleikhúsinu*

Veturinn 2007-2008 bar leikhúsið, ábyrgð á þremur megin útsendingartímum: Á sunnudagseftirmiðdögum var lögð áhersla á fjölskylduleikrit, á fimmtudagskvöldum voru flutt leikrit fyrir fullorðna og á laugardagskvöldum voru á dagskrá þættirnir *Á hljóðbergi*, með dramatísku efni frá erlendum útvarpsstöðvum, fylgt úr hlaði með formála á íslensku.

Yfir sumarið var flutningur hádegisleikrita á virkum dögum. Frumflutt var nýtt framhaldsleikrit, *Dauði trúðsins*, eftir Árna Þórarinsson, sem var stærsta verkefni Útvarpsleikhússins á árinu með yfir 40 leikurum í allt. Þá var einnig sett í nýjan búning gamalkunnugt efni eins og rómað Vasaleikhús Þorvaldar Þorsteinssonar.

## FJÁRSJÓÐIR HLJÓÐVARPSINS

*Segulbandasafnið* er fastráðnum starfsmönnum uppspretta hugmynda og margs konar dagskrárgerðar. Gunnar Stefánsson kafar vikulega ofan í þá gullkistu í samnefndum þætti. Rétt er að geta sérstaklega einstaks gullmola sem Haukur Ingvarsson fann, sem var áður óflutt upptaka af fyrirlestri Williams Faulkner á Íslandi árið 1955. Fundurinn var enn merkilegri fyrir þá sök að Faulkner ávarpaði íslenska bókmenntaáhugamenn í Hátíðarsal Háskóla Íslands rétt eins og J. M. Coetzee fimmtíu og tveimur árum síðar. Þetta sannar að Rás 1 var, er og verður á staðnum þegar bókmenntir eru annars vegar. Um fyrirlesturinn var fjallað

í *Víðsjá* auk þess sem hann var fluttur í heild sinni skömmu fyrir 110 ára afmæli skáldsins í þættinum *Á hljóðbergi*. Sá „gamli“ þáttur Björns Th. Björnssonar var endurvakinn á árinu fyrir framtakssemi Viðars Eggertssonar o.fl. og mátti þar heyra margvíslegt bókmenntaefni á frummálinu.

Flutningur efnis frá Útvarpsleikhúsinu var á dagskrá Rásar 1 í 172 skipti. Alls voru frum- og endurflutt 101 verk (titlar) en framhaldsleikrit og séríur dreifast í flutningi. Flutningur þeirra tók alls 5.093 mín. og skiptist þannig:

Tegund verka	Frumflutt		Endurflutt	
	Fjöldi	Mín.	Fjöldi	Mín.
Stök íslensk verk	22	801	3	150
Stök erlend verk	1	100	3	234
Íslensk framhaldsleikrit	1	285	5	902
Erlent framhaldsleikrit (íslensk leikgerð)	1	190	2	302
Íslenskir heimildapættir	15	730	16	757
Fléttupættir og leikrit	32	495		
Ný íslensk hljóðverk (Sírenur og Steinar Sigurjónsson)		147		
Samtals:	72	2.748	29	2.345

## RÁS 2

Rás 2 vinnur sem fyrr undir slagorðunum „fyrst og fremst í lifandi tónlist“ og „fyrst og fremst í íslenskri tónlist“. Þá áratugi sem Rás 2 hefur starfað hefur hún gegnt veigamiklu hlutverki við að kynna til sögunnar ungt íslenskt tónlistarfólk. Margir úr þessum hópi hafa stigið sín fyrstu skref í samstarfi við Rás 2. Þetta hefur gert þá kröfu til starfsmanna Rásar 2 að þeir séu opnir fyrir ólíkum tónlistarstefnum og óþekktu tónlistarfólki.

Dagskrá Rásar 2 að degi til virka daga byggist á framlagi tíu fastra starfsmanna, en dagskrá, sem send er út á kvöldin og um helgar, er að stórum hluta unnin af sjálfstæðum dagskrárgerðarmönnum sem taka að sér einstaka dagskrárliði. Þetta skapar fjölbreytileika í dagskrá og gefur jafnframt ungu dagskrárgerðarfólki tækifæri til að stíga sín fyrstu skref á þessu sviði.

Rás 2 hélt uppteknum hætti og hljóðritaði tónleika úr ýmsum tónlistaráttum. Að þessu sinni rokkaði Rás 2 hringinn í kringum landið með Dr. Spock, Sign og Benny Crespo's Gang í samstarfi við Kraum tónlistarsjóð og endaði ferðalagið með tónleikum á Nasa í beinni útsendingu.

### NÝSKÖPUN

Samstarf um Músíktílaunir hefur verið fastur liður allt frá árinu 1984 og að vanda voru *Músíktílaunir* sendar út beint á Rás 2. Músíktílaunirnar eru mikilvægur vettvangur fyrir ungt listafólk og samstarfið við Rás 2 þýðingarmikið. Að þessu sinni sigraði hljómsveitin Agent Fresco. Þeirri hljómsveit var síðar á árinu hampað



*Ólafur Páll Gunnarsson í beinni útsendingu*

sem einni af bestu hljómsveitunum á Iceland Airwaves, þar sem Rás 2 hljóðritar árlega tónlistarflutning á fjórða tug hljómsveita. Rás 2 hefur líka verið samstarfsaðili Iceland Airwaves í 9 af þeim 10 árum sem tónleikahátíðin hefur verið haldin og alls hljóðritað flutning hátt í 400 hljómsveita frá upphafi. Upptökunum hefur verið útvarpað í tónleikabáttum í kvölddagskrá Rásar 2 undanfarin ár. Völdum upptökum hefur Ríkisútvarpið svo dreift til aðildarstöðva EBU og þannig komið íslenskri tónlist til milljóna útvarpshlustenda víða um heim.

*Söngkeppni framhaldsskólanna* var send út beint á Rás 2 að venju enda mjög mikilvægt að hugsa um unga fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni.

Með það í huga var ákveðið að senda líka út beint frá söngkeppni *Samfés* þar sem enn yngra fólk spreytir sig í

söng. Söngkeppni *Samfés* fer alltaf fram í stóru íþróttahúsi og komast mun færri að en vilja. Keppendur voru nálægt 30 talsins í ár frá öllu landinu og margir sem þurftu heima að sitja gátu hlustað á „sinn“ keppanda á Rás 2.

### TÓNLEIKAR

Markmið Ríkisútvarpsins með hjálp við tónleikahald er að sinna almannahlutverki félagsins með því að miðla með hagkvæmum hætti lifandi ís-



*Rás 2 á ferð og flugi*



Auglýsing á tónleikum á Menningarnótt

lenskri tónlist til allra landsmanna og gefa um leið tónlistamönnum um land allt tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri í útvarpi allra landsmanna. Ríkisútvarpið tengist tónleikahaldinu eingöngu með útsendingum en ber að öðru leyti enga fjárhagslega ábyrgð á verkefnum né hefur tekjur af þeim.

Stórtónleikar á Miklatúni á Menningarnóttu voru einn stærsti viðburður ársins á Rás 2, sem skipulagði tónleikana í samstarfi við Reykjavíkurborg og Landsbankann. Talið er að um 30.000 manns hafi mætt á svæðið þrátt fyrir rigingu. Að þessu sinni komu fram 6 hljómsveitir: Ný dönsk, Jet Black Joe, Magnús & Jóhann, Hjaltalín, Bloodgroup og Fjallabræður. Tónleikarnir voru teknir upp fyrir Sjónvarpið og verða þeir fluttir á næsta rekstrarári. Rás 2 fagnar þessu góða samstarfi við Sjónvarpið.

Rás 2 útvarpaði beint tónleikum frá Bræðslunni í Borgarfirði eystra í sum- ar, þar sem fram komu Damien Rice, Eivör Pálsdóttir, Magni Ásgeirsson og Dís (Bryndís Jakobsdóttir). Rás 2 var einnig í samstarfi við Listahátíð og

hljóðritaði m.a. tónleika sem haldnir voru í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá fæðingu skáldsins Steins Steinars. Einnig var útvarpað beint frá Tónleikum gegn rasisma sem fram fóru í Austurbæ, en þar sungu t.d. Bubbi Morthens og Geir H. Haarde dúett.

Sent var út beint frá „kántrí-balli” á Ásvöllum í Hafnarfirði þar sem Klaufar frá Selfossi léku. Meðal gestasöngv- ara var ein elskaðasta kántrísöngkona Dana, Tamra Rosanes.

Rás 2 er einn af samstarfsaðilum Reykjavík Blues Festival, Blúshátíðar í Reykjavík, sem haldin hefur verið í dymbilviku undanfarin fimm ár. Á hátíðinni í ár hljóðritaði Rás 2 fimm atriði. Á meðal flytjenda var hin sögufræga hljómsveit Yardbirds en meðal meðlima hljómsveitarinnar á sínum tíma voru ekki ómerkari menn en Jimmy Page, Eric Clapton og Jeff Beck, þrír af mestu gítarsnillingum rokksögunnar.

Hefðbundið verkefni Rásar 2 hefur verið að standa fyrir tónleikum á Porláksmessukvöld. Porláksmessu- tónleikar Rásar 2 voru að þessu sinni sendir út frá Græna Hattinum á Akur- eyri og sá Mannakorn um að koma landsmönnum í jólaskap.

Meðal annarra tónleika sem Rás 2 hljóðritaði voru;

- *Minningartónleikar um Bergþóru Árnadóttur* í Salnum, Kópavogi.
- *Rufus Wainwright* (Kanada) í Háskólabíói.

- *Jethro Tull* (England) í Háskólabíói.
- *Cold Front* (alþjóðleg jazz-sveit Björns Thoroddsens) á Nasa.
- *Meistaraverk Bítlanna*, rokksveit Jóns Ólafssonar ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói.
- *Litlujólátónleikar* Hvanndalsbræðra og Ljótú hálfvitanna á Nasa.

Rás 2 hefur leitast við að bjóða hlust- endum sínum upp á nýjar upptökur frá tónleikum á besta tíma á hátíðum og tyllidögum, s.s. á jólum, páskum og 1. maí. Breiddin er mikil og dag- skrárgerðarfólk sem starfar á Rás 2 er stolt af því að bjóða hlustendum upp á brot af því besta sem er að finna í tón- listarlífinu, samhliða því að skrásetja tónlistarsöguna og búa til fjársjóð fyr- ir framtíðina. Rás 2 er fyrst og fremst í íslenskri tónlist!

Samstarf var milli Rásar 2 og Sjón- varpsins um Söngvakeppni sjónvarps- ins. Á hverjum laugardegi í ellefu vikur kepptu þrjú lög í Sjónvarpinu um sæti í undanúrslitum og voru þau auk þess spiluð á Rás 2. Eitt lag komst beint í undanúrslit en hlustendur Rásar 2 völdu á milli hinna laganna tveggja í símakosningu og höfðu þar með áhrif á það hvaða lög fengu annað tækifæri í aukabætti sem var sendur út að þessum ellefu þáttum loknum.



## RÁS 2

### BEINAR ÚTSENDINGAR – BLANDAÐ EFNÍ

Að vanda var lögð áhersla á beinar útsendingar. Morgunútvarpi Rásar 2 bættist liðsauki á tímabilinu, þegar Guðrún Gunnarsdóttir gekk til liðs við Hrafnhildi Halldórsdóttur og Gest Einar Jónasson. Nýir liðsmenn komu einnig til starfa við *Poppland* á árinu og Popplandið lengdist um rúmar þrjár klst. á viku þegar þátturinn *Brot úr degi* var aflagður. Poppland sendir nú út frá klukkan 9-16 alla virka daga og þar starfa Ólafur Páll Gunnarsson, Guðni Már Henningsson, Matthías Már Magnússon og Margrét Erla Maack. Meðal dagskrárliða í Popplandi, sumarið 2008, var spurningakeppnin *Popplandsmeistarinn í Popppunkti* sem Dr. Gunni stjórnaði vikulega. Þá mæta tónlistarmenn í hljóðver í Efstaleitinu á föstudögum í viku hverri og spila 3-4 lög í beinni útsendingu. Mikíð kapp er lagt á að varðveita upptökur frá þessum heimsóknum hljómsveitanna. Þar sem ein hljómsveit að minnsta kosti hefur heimsótt Poppland vikulega undanfarin áratug eru upptökur af þessu tagi orðnar tæplega sex hundruð. Segja má að Popplandi hafi með þessu tekist að festa popp/rokk sögu síðasta áratugar á segulband, til gagns og gleði fyrir komandi kynslóðir.

Alla virka daga er dagskráin að degi til í beinni útsendingu sem meðal annars tryggir að rjúfa má dagskrá fyrirvaralaust ef koma þarf áriðandi skilaboðum til þjóðarinnar. Þetta öryggishlutverk taka starfsmenn Rásar 2 mjög alvarlega og eru þar í góðri samvinnu við fréttastofu Útvarps.



Auglýsing fyrir þáttinn *Poppland* á Rás 2

Rás 2 leitast við að vera margt í einu: tónlistar-, fréttar-, samfélags- og íþróttatvörf.

Hluti dagskrárinnar eru fréttir og fréttatengdir þættir eins og *Síðdegisútvarpið* sem er á vegum fréttastofu hljóðvarps og er á dagskrá frá 16-18 alla virka daga, og *Spegillinn* eftir kvöldfréttir. Auk þess var öllum fréttatímum fréttastofu hljóðvarps útvarpað á báðum rásum.

### ÍÞRÓTTIR

Íþróttaviðburðum voru gerð góð skil á Rás 2. Gilti það bæði um beinar lýsingar á mikilvægum landsleikjum og innlendum kappleikjum hvers konar. Að auki var Rás 2 með fastan þátt yfir sumarið, *Á vellinum*, þar sem helstu íþróttaviðburðir voru kynntir og íþróttafólki gafst tækifæri á að koma í spjall blandað léttri tónlist og lýsingum frá kappleikjum.

### KVÖLD- OG HELGARÞÆTTIR

Meðal kvöldþátta má nefna *Uppruna tegundanna*, þar sem Kristinn Páls-

son fjallar um afmarkaðar stefnur, afbrigði, senur eða stíla sem skotið hafa upp kollinum í rokk- og dægur-tónlistarsöggunni á undanförunum 100 árum. *Litla hafmeyjan* hóf göngu sína á föstudagskvöldum í sumar í beinni útsendingu frá Reykjavík og Kaupmannahöfn í umsjá Þórðar Helga Þórðarsonar og Andra Freys Viðarsonar og í þættinum *Eitt af öðru* spilar Frank Hall tónlist, þar sem hvert lag verður að leiða af öðru með einhverjum hætti. Lögín sem spiluð eru tengi-



Hljóðnemi og upptökutæki í einu

ast alltaf laginu á undan og tengslin milli laganna geta hvort sem er verið augljós eða óvænt.

Þátturinn *Hálftíminn* var á dagskrá á laugardags- og sunnudagskvöldum á milli fréttatíma hljóðvarps og útsendingar frá fréttatíma sjónvarps og þar léku fjórar ungar söngkonur lausum hala og þreyttu frumraun sína í dagskrárgerð með því að taka fyrir ákveðna tónlistarmenn í hverj-

um þætti. Söngkonurnar ungu eru Sigríður Thorlacius, Hildur Vala Einarsdóttir, Erla Jónatansdóttir og Alma Guðmundsdóttir.

*Helgarútgáfan* með Felix Bergssyni á laugardagsmorgnum og Margréti Blöndal á sunnudagsmorgnum hélt sínu striki og Atli Þór Albertsson og Jóhann G. Jóhannsson fóru út um víðan völl í þættinum *Frá A til J* eftir hádegi á laugardögum. Síðasti þátt-

urinn í þáttaröðinni *Geymt en ekki gleymt* með Frey Eyjólfssyni var sendur út í sumarbyrjun en við tók Andrea Jónsdóttir með *Poppþressuna* sem var á dagskrá frá 16-18 á laugardögum í sumar. Dansþáttur þjóðarinnar, *Party Zone*, hélt sínu striki á laugardagskvöldum og næturvaktir Guðna Más Henningssonar og Snorra Sturlusonar stytta hlustendum stundir á föstudags- og laugardagskvöldum.

Dagskráin á árinu 2008 tók að nokkru leyti mið af því að Rás 2 átti aldarfjórðungs afmæli 1. desember 2008. Af því tilefni stjórnaði Hjálmar Hjálmarsson þættinum, *Fyrst og fremst í 25 ár*, á sunnudögum frá 15-16, þar sem perlum úr segulbandasafni Ríkisútvarpsins var útvarpað og fyrrum starfsmenn voru teknir tali.

Á sunnudögum, milli 14 og 15, var útvarpað fyrirfram unnum þáttum þar sem farið var yfir feril íslenskra tónlistarmanna, lifandi sem látinna. Fyrsti klukkutíminn eftir hádegisfréttir hefur hins vegar að mestu verið frátekinn fyrir þáttinn *Úr plötuskápnun* en þar hafa Íslendingar úr öllum áttum mætt með uppáhaldsplötunum sínum og spilað fyrir hlustendur.

*Rokkland* Ólafs Páls Gunnarssonar hélt sínu striki á sunnudögum eftir fjögurfréttir.



Morgunhaninn Hrafnhildur Halldórsdóttir

## SJÓNVARPIÐ



Útlit Sjónvarpsins fékk andlitslyftingu á árinu

Yfirlýstri stefnu Ríkisútvarpsins ohf. að auka veg innlands efnis á kjörtíma var hrundið í framkvæmd og kom það vel fram í vetrardagskrá Sjónvarpsins en strax á sumarmánuðum árið 2007 hófst vinna að útfærslu og undirbúningi verkefna til þess að þau yrðu sem best úr garði gerð.

Markmið um að auka leikið efni náðu fram að ganga og var það m.a. gert í nánú samstarfi við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur og Ólafsfell ehf. sem fjárfestir m.a. í menningatengdu efni. Samkomulag Ríkisútvarpsins og Ólafsfells, frá 9. nóvember 2007, fól í sér að báðir aðilar lögðu framleiðendum sjónvarpsmynda til fjármagn til að hefja framleiðslu á leiknu dagskrárefni. Það auðveldaði viðkomandi framleiðendum jafnframt að fá framlög frá öðrum aðilum. Þannig gat framlag frá Ríkisútvarpinu hlaðið utan á sig og gert það að verkum að ráðstöfunarfé sjálfstæðra framleiðenda margfaldaðist. Löngu og

ströngu undirbúningsferli að þessu fyrirkomulagi lauk með ágætri uppskeru en þau samstarfsverkefni sem m.a. litu dagsins ljós voru *Mannaveiðar* og *Svartir englar*. Fjöldmörg önnur verk eru í skoðun og undirbúningi og þegar er hafin framleiðsla á nýrri þáttaröð í fjórum hlutum sem kallast *Hamarinn* en ráðgert er að sýna þættina árið 2009

Framboð á barna- og unglingaefni var rúmlega 12% af heildarútsendingartíma Sjónvarps eða um 550 klst. en meðal efnis má nefna *Stundina okkar*, *Ella eldflugur* og *Krakka á ferð og flugi*. Sem fyrr er töluverður hluti af erlendu efni talsettur fyrir yngstu börnin en það hjálpar málþroska og málvitund þeirra mjög mikið.


Textun á sjónvarpsefni á síðu 888 í Textavarpinu er gerð til að auðvelda heyrnarlausum eða heyrnaskertum einstaklingum aðgang að dagskrá Sjónvarpsins. Á tímabilinu var tæp-

lega 114 klst frumsýnds efnis textað á síðu 888 í Textavarpinu. Ef endursýnt efni er meðtalið voru rúmlega 336 klst. textaðar á síðu 888.


### FLOKKUN EFNIS

Sjónvarpið var með útsendingar í 4.160 klst. eða að meðaltali 11,4 klst. hvern einasta dag. Að venju var dagskráin lengri um helgar en á virkum dögum.

Dagskrá Sjónvarps flokkast þannig eftir uppruna:



- Ísland
- Norðurlönd
- Evrópa
- Bandaríkin
- Önnur lönd



- Leikið efni
- Skemmtiefni
- Listir, menning og vísindi
- Íþróttir
- Fréttir og fréttatengt efni
- Barna- og unglingaefni



Eins og sjá má var innlent efni 46,4% og erlent efni 53,6%. Dagskráin er nánast öll frá Evrópu og Norður-Ameríku og eru hlutföllin um 70% á móti 30%. Innlent efni á kjörtíma, á milli kl. 19 og 23, var 49% og erlent efni 51%.

Ofangreind flokkun, eftir uppruna og tegund, er samkvæmt skilgreiningu evrópskra sjónvarpsstöðva.

### ÍSLENSKT EFNI

Fréttir og fréttar- og skemmtiþátturinn *Kastljós* eru fastir þættir allan ársins hring og mynda stofninn í dagskránni. Fréttir eru alla daga vikunnar en *Kastljósið* fimm daga vikunnar. Þættirnir stuðla að daglegri lýðræðislegri umræðu og að menning og skemmtun skili sér reglulega til allra landsmanna. Þessu til viðbótar sýnir Sjónvarpið reglulega þáttaraðir og staka þætti sem Ríkisútvarpið framleiðir sjálft, með öðrum eða kaupir tilbúna af innlendum framleiðendum. Samkvæmt þjónustusamningi Ríkisútvarpsins og menntamálaráðu-



*Njött auglýsingaskilti Sjónvarpsins*

neytisins átti Sjónvarpið að verja 150 m.kr. til kaupa á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum árið 2008. Á rekstrarárinu fóru alls um 235 m.kr. til þessa málaflokks. Beinir útsendingar frá menningar- og skemmtiviðburðum eru einnig stór þáttur í starfsemi Ríkisútvarpsins.

Mikið kapp var lagt á að auka innlent efni á þessu ári og strax í september

2007 hófu nokkrir nýir sjónvarpsþættir göngu sína. Bókmenntaþátturinn *Kiljan* undir stjórn Egils Helgasonar fékk mjög góðar viðtökur áhorfenda og hlaut því til viðbótar Edduverðlaunin. Spurningaþátturinn *Útsvar* varð gríðarlega vinsæll fjölskylduþáttur þar sem 24 stærstu sveitarfélög landsins kepptu sín í milli en þeim þætti stjórnðu Þóra Arnórsdóttir og



*Hluti af hinu nýja grafíska útliti Sjónvarpsins*



*Bókmenntaþátturinn Kiljan sló í gegn*



Frá upptöku *Stundarinnar okkar*

Sigmar Guðmundsson en Ólafur B. Guðnason samdi spurningar og var dómari. Menningarþátturinn *07/08 bíó-leikhús* í ritstjórn Þorsteins J. gekk einnig mjög vel og var tilnefndur til Edduverðlauna. Frétta- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar, *Silfur Egils*, hófst í október 2007 og sömuleiðis skemmtiþátturinn *Laugardagslögin*, en megintilgangur þess þáttar var að velja framlag Íslendinga til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Þættinum stjórnaði Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir. Níu lagahöfundar voru fengnir til þess að semja þrjú lög hver en einnig valdi valnefnd sex lög sem send voru inn í keppnina. Alls voru því frumflutt 33 íslensk lög í þessum þáttum. Í lokaþætti Laugardagslaganna, sem haldinn var í

Vetrargarðinum í febrúar, kepptu átta lög til úrslita. Rúmlega 79% þjóðarinnar fylgdust með lokaþættinum samkvæmt áhorfsmælingu Capacent. Lagið „This is my life“ eftir Örlyg Smára í flutningi Reginu Óskar og Friðriks Ómars sigraði og voru flytjendur fulltrúar Íslands í lokakeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin var í Belgrad í Serbíu í maí. Skemmtiþátturinn *Alla leið* hófst í byrjun maí en þeim þætti stjórnaði Páll Óskar Hjálmtýsson. Í þessum þáttum, sem voru þrjár talsins, fór Páll Óskar ásamt þremur tónlistarmönnum yfir helstu lög þjóðanna sem tóku þátt í lokakeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Í þáttunum *Söngvaskáld* komu fram helstu tónlistarmenn þjóðarinnar og

léku lög sín og ræddu við áhorfendur. Framleiðdir voru átta þættir og voru þeir sýndir á þriðjudagskvöldum í október og nóvember árið 2007.

Mikil áhersla var lögð á að auka hlut leikins efnis og í október 2007 hófust tölur á *Mannaveiðum*, nýrri spennuþáttaröð í fjórum þáttum. Framleiðandi var Reykjavík Films í samstarfi við Ríkisútvarpið og leikstjóri var Björn Brynjúlfur Björnsson. Þættirnir voru frumsýndir í apríl og fengu góðar viðtökur áhorfenda. Í apríl hófust tölur á *Svörtum englum* í leikstjórn Óskars Jónassonar en Saga Film var framleiðandi í samstarfi við Ríkisútvarpið. Þættirnir eru sex og hófst sýning þeirra í september. Í júlí hófust tölur á *Hamrinum* sem Pegasus framleiðir í samstarfi við Ríkisútvarpið og verða þættirnir, sem eru alls fjórir, settir á dagskrá árið 2009. Á sama tíma hófst framleiðsla og tölur á *Jólaævintýrum Dýrmundar*. Þetta eru alls 24 þættir fyrir börn og voru þættirnir sýndir í desember 2008. Björgvin Franz Gíslason var ráðinn nýr umsjónarmaður að *Stundinni okkar* en hlutur leikins efnis er þar mikill.

*Áramótaskaup Sjónvarpsins* er að sjálfsögðu fastur liður í dagskránni og þetta árið var leikstjóri þess Ragnar Bragason.

Fjöldmörg leikin verkefni eru í skoðun og undirbúningi í samstarfi við sjálfstæða framleiðendur og einnig hefur Sjónvarpið lagt fjármuni til þróunar handrita sjónvarpsþátta.

## FASTIR LIÐIR

*Fréttir* og *Kastljós* voru sem fyrr fastir liðir á dagskrá, en *Kastljós*, sem er sent út fimm daga vikunnar, fjallar um stjórnsmál, samfélags- og menningarmál og sinnir auk þess fréttaskýringum. Með þessum daglegu þáttum auk *Silfurs Egils* leggur Sjónvarpið sitt af mörkum til að stuðla að daglegri lýðræðislegri umræðu og að upplýsingar, menning og skemmtun skili sér reglulega til allra landsmanna.

Eva María Jónsdóttir fékk til sín ólíka gesti í þáttunum *Sunnudagskvöld með Evu Maríu* og Gísli Einarsson hélt áfram með sína vinsælu þáttaröð, *Út og suður*, en í þáttunum miðlar Gísli margbreytileika menningar á Íslandi, lífsviðhorfi og lífsskilyrðum fólks í öllum landshlutum. *Spaugstofan* hélt uppteknum hætti og gaf okkur hina kómísku og jafnframt gagnrýnu sýn á þjóðfélagsmálin eins og undanfarin 19 ár og spurningaþátturinn *Gettu betur* var vinsæll sem aldrei fyrr og hlaut Edduverðlaunin sem besti skemmtiþátturinn. Umsjón með þættinum hafði Sigmar Guðmundsson en höfundur spurninga og dómari var Páll Ásgeir Ásgeirsson.



*Bogi Ágústsson störfum hlaðinn*



*Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir önnum kafín*

## STAKIR VIÐBURÐIR

Sjónvarpið tekur þátt í fjölmörgum menningar- og skemmtiviðburðum með beinum útsendingum og meðal þeirra má nefna setningu Listahátíðar, *Grimuna* - uppskeruhátíð leiklistarinnar, *Edduverðlaunin* - uppskeruhátíð sjónvarps- og kvikmyndagerðarfólks, og *Sjónlist* þar sem framúrskarandi myndlistarfólk og hönnuðir eru verðlaunaðir. Einnig var sýnt beint frá Söngkeppni framhaldsskólanema á Akureyri, Íslensku tónlistarverðlaununum og hátíðardagskrá um þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson sem flutt var í Þjóðleikhúsinu í nóvember og bar heitið Þar sem háir hólar. Sýndar voru upptökur frá tónleikum Hvítasunnusafnaðarins, Fyrir þá sem minna mega sín, tónleikum Rásar 2 á Menningarnótt og tónleikum Miriam Makeba, Goran Bregovic og Dimitri Hvorostovskij á Listahátíð.

## HEIMILDARMYNDIR

Sjónvarpið sýndi fjölmargar íslenskar heimildarmyndir á þessu ári, s.s. *Reiði guðanna*, *Lystin að lifa*, *Óbeisluð fegurð*, *Hver var Jónas?*, *Petta er ekkert mál*, *Líf og líkn*, *Peir fiska sem róa*, *Syndir feðranna*, *Kaldal* og *Annað líf Ástþórs*. Fjölmargar heimildarmyndir eru einnig í undirbúningi með sjálfstæðum framleiðendum.

Kvikmyndirnar *Börn*, *Foreldrar*, *Englar alheimsins* og *Kaldaljós* voru sýndar á árinu og einnig stuttmyndirnar *Bræðrabylta* og *Góðir gestir*. Þá hefur Sjónvarpið fest kaup á kvikmyndunum *Brúðgumanum* og *Astrópiu* sem nutu mikilla vinsælda gesta kvikmyndahúsanna.





Ólöf Erla Einarsdóttir; ein af grafískum hönnuðum Hönnunardeildar

## ERLENT EFNÍ

Eins og fram kom hér að framan er evrópskt efni tæplega 70% alls dagskrárefnis Sjónvarpsins en norðuramerískt efni tæplega 30%. Nánar tiltekið er skipting eftir löndum sem hér segir:

erlendu efni mest frá Bandaríkjunum en það er 28% af útsendri dagskrá. Næsta land í röðinni er Bretland með tæp 13%.

Meðal efnis frá Bandaríkjunum má nefna Bráðavaktina (ER), Ljótu Betty

Ísland	46,4%	46,4%	Ísland
Danmörk	3,4%		
Finnland	0,4%		
Svíþjóð	1,3%		
Noregur	0,5%	52,0%	Norðurlönd
Bretland	12,9%		
Frakkland	1,9%		
Þýskaland	1,5%		
Önnur lönd í Evrópu	1,0%	69,3%	Evrópa
Bandaríkin	28,1%		
Kanada	1,8%	99,2%	Evrópa og N-Ameríka
Ástralía	0,4%		
Önnur lönd	0,4%	100,0%	Öll lönd

Eins og taflan hér að ofan sýnir er efni frá Evrópu meira en tvöfalt á við amerískt efni. Eins og sjá má er af

(Ugly Betty), Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives), Lífsháska (Lost) og Sporlaust (Without a Trace).

Frá Bretlandi koma meðal annars þættirnir Njósnaeildin (Spooks), Kingdom lögmaður (Kingdom), Afríka heillar (Wild at Heart), Martin læknir (Doc Martin), Dauðir rísa (Waking The Dead) og fjölmargir aðrir saka-málaþættir að ógleymdum vönduðum leiknum myndum. Af breskum heimildarmyndum má nefna þáttaraðir eins og Jörðina (Planet Earth) Aldamótabörn (Child Of Our Time) Mat-ur er mannsins megin (Truth About Food), Október 1917 (October 1917) og fjölmargar stakar myndir um margvísleg efni.

Meðal efnis frá Norðurlöndunum kannast flestir við þáttaraðirnar Anna Pihl, Wallander og Forbrydelsen. Sjónvarpið hefur haft frumkvæði að því að kynna og sýna þætti og kvikmyndir frá ríkjum Evrópu, sem og kvikmyndir frá öðrum heimshlutum sem lítið hafa verið kynntar hér á landi. Þannig voru á sunnudagskvöldum sýndar listrænar bíómyndir frá ýmsum þjóðlöndum, meðal annars Tælandi, Þýskalandi, Kína, Ítalíu, Norðurlöndum, Frakklandi, Rússlandi, Kanada, Bretlandi, Spáni, Íran og Ástralíu.

## VIÐBURÐARÍKT ÍPRÓTTAÁR

Það er óhætt að segja að rekstrarárið hafi verið mikið íþróttarár. Íþróttaviðburðum voru gerð góð skil með beinum útsendingum í Sjónvarpinu og áhorfendur fengu hverja stórveisluna af annarri en hlutdeild íþróttaefnis var um 17,5%.

Fyrsta stórmótið var Evrópumeistararmótið í handknattleik karla í janúar, þar sem íslenska landsliðið var í eld-línunni, síðan tók við HM í frjálsum íþróttum utanhúss, EM í knattspyrnu

í júní, en keppnin fór fram í Sviss og Austurríki, og loks Ólympíuleikarnir í Peking í Kína í ágúst. Beinar útsendingar frá keppnisgreinum sem Íslendingar tóku þátt í urðu sannkallaðir þjóðarviðburðir fyrir atbeina Ríkisútvarpsins. Í framhaldi af árangri íslenska handboltalandsliðsins, sem hlaut silfurverðlaun á leikunum, var bein útsending í Sjónvarpinu frá heimkomu íþróttamannanna, móttöku-athöfn þeim til heiðurs á Arnarhóli og orðuveitingu á Bessastöðum. Varla er hægt að segja annað en að silfurstrákunum okkar hafi verið tekið með kostum og kynjum – og Sjónvarpið skilaði konunglegum móttökum til

áhorfenda í beinni útsendingu sem fékk gríðarlegt áhorf.

Landsleikir íslenska kvennalandsliðsins voru sýndir í beinum útsendingum, enda árangur liðsins einstakur og stúlkurnar tryggðu sér rétt til að taka þátt í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu sem fram fer í Helsinki í Finnlandi í ágúst og september 2009. Fjölmörgum öðrum íþróttaviðburðum voru gerð góð skil, s.s. landsleikjum í knattspyrnu, handbolta og körfubolta, Íslandsmeistaramótum í frjálsum íþróttum, tennis, blaki, badminton, skíðaíþróttum og golfi. Sýnt var frá landsmóti hestamanna á Helli,

meistaradeild í hestaíþróttum, alþjóðlegu móti í lyftingum, Vestfjarðavík-ingnum, Austfjarðatröllinu, ístólti á Austurlandi, Opna breska mótinu í golfi og HM í íshökký. Auk þess var sýnt frá innlendu Mótorsporti, öllum sjö gullmótunum sem Alþjóðafrjálsíþróttasambandið stóð fyrir og loka-stigamóti þess.



*Unnið við upptöku í myndstjórn Sjónvarpsins*

## FRÉTTAÞJÓNUSTA

Vaxandi þungi var í umfjöllun fréttastofa Ríkisútvarpsins um þróun efnahagsmála. Mikið var fjallað um verðlagningu og blekkingaleik vegna verðkannana og samráðs í útvarpsfréttum haustið 2007 og vakti sú umfjöllun athygli. Fréttir úr fjármálalífínu urðu fyrirferðarmiklar strax í byrjun árs 2008. Haldin voru námskeið fyrir fréttamenn um fjármálalífið, helstu lykilhugtök og um lestur ársreikninga.

Fréttamenn Ríkisútvarpsins voru leiðandi í helsta fréttamálinu haustið 2007 – samspili opinberra aðila og einkareksturs í orkugeiranum og sviptingum í borgarstjórn sem leiddu til stjórnarskipta. Enn sannaðist hversu mikið afl felst í því þegar fréttapættirnir Þrír, Spegilinn, Morgunvaktin og Síðdegisútvarpið, vinna saman með fréttavaktinni og vefnum.

Beinar útsendingar voru í Sjónvarpi og á Rás 2, auk myndsendinga á netinu, ruv.is.

Eitt stærsta fréttamál rekstrarársins var Suðurlandsskjálftinn. Fréttamenn útvarps og sjónvarps léku stórt hlutverk við miðlun fréttu og upplýsinga

### ÖRYGGISHLUTVERK

Reglulega er minnt á öryggishlutverk Ríkisútvarpsins. Það gerðist þegar Suðurlandsskjálfti skók jörðina undir lok maímánaðar og olli miklu tjóni og slysum á fólki. Fréttamenn hófu strax frásagnir af viðburðum tæpum stundarfjórðungi fyrir fjögur – hikandi í fyrstu á Rás 2 á meðan litlar upplýsingar lágu fyrir um atburðinn, síðan þéttist frásögnin eftir því sem myndin skýrðist – í fjögurfréttum og síðan í samfelldri dagskrá á báðum rásum útvarps fram á nótt. Þar sem

upplýsingar voru harla brotakenndar í fyrstu var ákveðið að byrja á Rás 2 en skammt var í fréttir á samtengdum rásum – og við tók lengsti fréttatími síðustu ára. Þau skipta tugum viðtöl- in sem flutt voru af vettvangi – á Sel-fossi, í Hveragerði, á Eyrarbakka – og víðar þar sem sögumenn var að finna. Gríðarleg hlustun mældist á Rás 2 um miðjan daginn þegar skjálftafréttirnar voru fluttar. Á vefnum og í útvarpi voru fluttar fréttir á pólsku og lettnesku um atburði dagsins.

Útsending fréttastofu Sjónvarps hófst skömmu á eftir útvarpsfréttum og mælingar sýndu að áhorfendur leit-uðu þegar í stað í sjónvarp – sem er nokkur breyting frá því sem verið hafði og hugsanlega til marks um breytta fjölmiðlanotkun. Fréttamenn Sjónvarps voru fljótir á staðinn og






náðu á örskömmum tíma að safna gríðarmiklu efni. Fréttir, myndir og viðtöl frá öllu Suðurlandsundirlendinu voru í sjöfréttum og samvinna við Kastljós var til fyrirmyndar. Báðar fréttastofurnar sýndu snerpu í viðbrögðum sínum.

### AUKIN KRAFA UM SÍMIÐLUN

Allar mælingar sýna breytta fjölmiðlanotkun og aukna kröfu um símiðlun, í útvarpi, á neti og í sjónvarpi. Útvarpið hefur árum saman verið fremst í flokki þeirra sem mæta á vettvang og senda beint út. Aukin krafa er um að Sjónvarpið geri slíkt hið sama og beinum útsendingum og aukafréttatímum fjölgaði mjög á tímabilinu. Miklar vendingar í stjórnámálum, jarðskjálftar, mótmæli vörubílstjóra og fleiri viðburðir urðu til þess að Fréttastofa Sjónvarps rauf dagskrá eða bætti



við fréttatímum. Almennur brást vel við, áhorf reyndist gott og krafan um áframhald þessarar þjónustu var greinileg.

### NÝJAR FRÉTTAREGLUR

Þann 1. maí gaf útvarpsstjóri út reglur um fréttir og dagskrárefni tengt

þeim. Leitast var við að hafa þessar starfsreglur fáar, einfaldar og skýrar. Þær voru að stórum hluta byggðar á eldri fréttareglum. Sömu reglur voru settar fréttamönnum, fréttariturum, þeim sem lesa fréttir og dagskrágerðarmönnum sem vinna við fréttatengt efni. Reglurnar fela í sér sjálfsgöð







*Borgþór Arngrímsson fréttamaður*

og viðurkennd viðmið og siðareglur allra blaða- og fréttamanna, t.d. um vandvirkni, sanngirni, óhlutdrægni, trúnað við heimildarmenn, sjálfstæð vinnubrögð, fordómaleysi og tillitssemi. Auk þess er hnykkt á nokkrum atriðum, eins og að virt sé sú meginregla að hver maður skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, að vinnsla fréttu brengli ekki eða gefi villandi mynd af veruleikanum, og að ranghermi sé leiðrétt eins fljótt og verða má á sama stað í dagskránni. Reglurnar kveða á um að starfsmönnum sé bannað að taka þátt í stjórnmalastarfi, auglýsingum og kynningarstarfi.

### VIÐURKENNING FYRIR MÁLFAR

Á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember 2007, fékk Fréttastofa Útvarps viðurkenningu menntamálaráðuneytisins fyrir störf í þágu móðurmálsins. Í umsögn dómnefndar segir að Fréttastofa Útvarps sé í fararbroddi ljósvakamiðla þegar komi að því að færa atburði líðandi stundar í skýran og skiljanlegan búning. Þar hafi frá upphafi verið lögð áhersla á

vandað mál, skýran flutning talmáls og lipra byggingu frásagna.

### LANDSBYGGÐARFRÉTTIR

Ríkisútvarpið starfrækti þrjár svæðisstöðvar á tímabilinu: Á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Svæðisbundnar sendingar nutu áfram vinsælda en vaxandi áhersla hefur þó verið lögð á að svæðisstöðvarnar skili efni á landsrásir útvarps og sjónvarps, auk þess að sinna vefnum. Mest kom af fréttum frá Ríkisútvarpinu á Akureyri, yfir 545 fréttapostlar í útvarpi og 367 sjónvarpsfréttir.

Fréttastofa Sjónvarps brá undir sig betri fætinum og flutti í nokkur skipti fréttir frá svæðisstöðvunum. Fréttapular og tæknilið fóru til Ísafjarðar, Akureyrar og Ísafjarðar í þessum tilgangi.

Nýir stöðvarstjórar Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni tóku til starfa í byrjun rekstrarársins: Ágúst Ólafsson á Akureyri og Edda Óttarsdóttir á Egilsstöðum. Edda hætti störfum undir lok rekstrarársins. Gengið var frá nýjum starfssamningi við Gísla Einarsson, fréttamann í Borgarnesi. Hann var ráðinn í fullt starf sem fréttamaður fyrir báðar fréttastofur Ríkisútvarpsins. Júlíus G. Ingason var ráðinn fréttaritari í Vestmannaeyjum haustið 2007. Hann sinnti því starfi fram í ágúst 2007 þegar Sighvatur Jónsson var ráðinn í hans stað. Magnús Hlynur Hreiðarsson sinnir fréttuöflun af Suðurlandi og einnig nýtur Ríkisútvarpið góðs af öflugu neti innlendra fréttaritara.



*Óðinn Jónsson fréttastjóri leggur línurnar*

**ÞÆTTIR**

*Laugardagsþátturinn* hvarf af dagskrá Rásar 1 í september 2007. Fréttastofa Útvarpsins tók í staðinn við umsjón Vikulokanna í desemberbyrjun. Hallgrímur Thorsteinsson var ráðinn umsjónarmaður og hefur þessi gamlgróni þáttur gengið í endurnýjun lífdaga.

**FRÉTTAMENN ERLENDIS**

Metnaðarfullri áætlun um endurreisn fréttaflutnings Ríkisútvarpsins frá útlöndum var hrundið af stað í byrjun ársins 2008. Ný og hagkvæm tækni gerði fréttastofunum kleift, að sameinast um fréttamenn á þremur stöðum: Héðin Halldórsson í Kaupmannahöfn, Svein H. Guðmarsson í Lundúnum og Svein Helgason í New York. Ekki þarf að fjölyrða um þá miklu breytingu sem þetta hafði í för með sér: fréttamenn Ríkisútvarpsins voru á vettvangi heimsviðburða, fylgdust með störfum Íslendinga erlendis, gátu með betri hætti en fyrr útskýrt fréttir á heimsvísu og tengt Ísland við atburði utan lands. Viðbrögð áheyranda og áhorfenda voru jákvæð frá fyrsta degi.

Þessi hluti fréttapjónustunnar varð hins vegar fyrir sparnaðarhnífnun. Staðan í Kaupmannahöfn var lögð niður sumarið 2008 og fréttamaðurinn í Lundúnum var kallaður heim. Áfram starfa nokkrir fréttaritarar í hlutastörfum fyrir fréttastofur Ríkisútvarpsins.

**ERLEND SAMSKIPTI**

Samskipti fréttastofanna – einkum Fréttastofu Sjónvarps – við fréttastöðvar erlendis voru mikil á



*Rún Ingvarsdóttir skrifar nýjustu fréttir*

rekstrarárinu. Jarðskjálftar, litríkar hræringar í stjórnámum, hvalveiðar og efnahagsmál beindu kastljósi erlendra miðla að landinu og fyrsti viðkomustaður margra fréttamanna er ávallt Ríkisútvarpið. Fréttamenn á vettvangi Suðurlandsskjálftans sinntu því með öðrum erlendum miðlum, veittu sínaviðtöl og önnuðust ýmis önnur verkefni.

Mest mæðir þó á erlendu fréttadeildinni, sem sinnir samskiptum við norrænu ríkisstöðvarnar og EBU. Frá fréttaritstjórn EBU í Genf bást í sífellu beiðnir um efni sem ganga þurfti frá, skrifa handrit við og þýða íslenska viðtalsbúta. Fréttamenn Ríkisútvarpsins hlutu ítrekað hrós frá EBU fyrir að koma myndefni hratt og örugglega frá sér, auk þess að skrifa fréttatexta með, sem ýmsir könnuðust við lesinn nánast orðrétt hjá erlendum fréttastöðvum. Enn fremur var töluvert af myndefni selt erlendum fréttaveitum, svo sem Reuters og APTN.

Samskipti við norrænu ríkisstöðv-

arnar jukust einnig nokkuð. Daglegir símafundir erlendu ritstjórna norrænu sjónvarpsstöðvanna eru á morgnana, þar sem rædd eru þau fréttamál sem kunna að vekja áhuga eða hafa skírskotun í öðrum löndum. Skipti á fréttafni hafa einnig aukist í kjölfar þess að Ríkisútvarpið fékk s.k. „Nordif-þjón“, sem gerir fréttamönnum Ríkisútvarpsins kleift að senda og taka á móti sjónvarpsefni án þess að gervihnattarkostnaður hljótist af.



*Margrét Marteinsdóttir fréttamaður*

## VEFURINN

Framleiðsla fréttá- og dagskrárefnis hjá Ríkisútvarpinu mun á komandi árum miðast í vaxandi mæli við dreifingu um vefinn. Þannig er þróunin annars staðar. Fjöldmörg dæmi má þegar finna í Evrópu um hvernig nýrri tækni er beitt við framsetningu og dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis. Markmiðið er að nálgast nýja kynslóð notenda – fólk sem notast minna við hefðbundin útvarpstækni og horfir sjaldnar á hefðbundnar útsendingar í sjónvarpi.

Rekstrarárið hófst með einhverri mestu breytingu sem gerð hefur verið á Fréttastofu Útvarpsins. Framvegis vinnur ritstjórnin jöfnum höndum fréttir fyrir hljóðvarp, vef og textavarp. Nýtt vaktakerfi tók mið af þessu. *Vefurinn, ruv.is*, fékk andlitslyftingu vorið 2008, fréttavinnslan tók stakka-skiptum og vinsælir þættir fengu eigin heimasíðu. Samningur var gerður við fyrirtækið Nordichphotos um kaup á ljósmyndum til birtingar á ruv.is. Með samningnum fékkst aðgangur að einum stærsta myndabanka heims, Getty Images. Vefurinn ruv.is er meðal vinsælustu vefja landsins en mest hefur aðsókn verið kringum viðburði eins og söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og á dögum þegar mikið er í fréttum.

Aukin áhersla er lögð á að gera efni beggja rása hljóðvarpsins aðgengilegt á netinu og í hlaðvarpi (podcast). Margir þáttanna eru nú með eigin vefsíðu þar sem finna má fjölbreyttar upplýsingar um innihald þátta og tengt efni. Útsendingar Rásar 1 og 2 eru aðgengilegar beint á vefnum en einnig er þar hægt að hlusta á vel-

flesta þætti í tvær vikur eftir útsendingu með því að smella á gjallarhornið sem birtist við hvern þátt í dagskrárkynningunni. Þetta hefur haft nokkur áhrif á stefnu rásanna um endurflutning efnis í venjulegri dagskrá. Sú staðreynd að fólk leitar efnis á netinu þegar því hentar, hlýtur að draga úr þörf á endurflutningi efnis á besta hlustunartíma. Ákveðið var að taka mið af þessu við skipulag dagskrár Rásar 1 og láta af endurflutningi þátta yfir daginn og flytja endurflutning á vönduðum þáttum yfir á kvöldin.

Æ algengara er að samningar náist um að dagskrárefni Sjónvarpsins fari einnig út á netið og sé þar aðgengilegt fyrir notendur. Enn er þó nokkuð í landi að samningar náist um erlent efni en þó eru þess dæmi að heimild fáist til að dreifa efninu til notenda á Íslandi, þ.e. þeirra notenda sem eru með íslenskt svokallað IP númer á tölvum sínum. Dreifing takmörkuð við Ísland. Líkt og hjá hljóðvarpinu eru flestir íslensku þættirnir með eig-

in vefsíðu þar sem finna má fjölbreyttar upplýsingar um innihald þátta og tengt efni. Útsendingar Sjónvarps á íslensku efni eru aðgengilegar beint á vefnum en einnig er þar hægt að horfa á veflesta íslenska þætti í tvær vikur eftir útsendingu.

Fréttastofa Útvarpsins, sem vinnur um allt land og miðlar fréttum allan sólarhringinn, alla daga ársins, annast ritstjórn *ruv.is*, sem er vaxandi fréttá- og dagskrármíðill. Tæknilegur rekstur er í höndum tölvudeildar.

### NORRÆNT SAMSTARF

Á árinu 2008 tók Ríkisútvarpið þátt í samstarfsverkefninu Nordisk forfatteratlas, netverkefni sem Danska ríkisútvarpið leiddi af miklum metnaði. Haukur Ingvarsson var fulltrúi Ríkisútvarpsins í verkefninu og safnaði efni, mynd – og upplestrarbútum, auk þess að skrifa um höfundana. Vefinn má finna með því að fara inn netsíður norrænu útvarpsstöðvanna og slá inn „forfatteratlas“.



Hluti forsíðu ruv.is

## ÖNNUR STARFSEMI



Rætt um tæknimál

### TÆKNIMÁL

Mikil breyting varð á útvarpsvinnslunni á tímabilinu með innleiðingu nýs stafræns útvarpskerfis, Dira (Digital Radio). Stærsti hluti dagskrár- og fréttavinnslunnar færðist til dagskrár- og fréttamanna sjálfra. Námskeið voru haldin og smám saman jókst færni þeirra. Mikil breyting varð á útsendingum með þessu nýja stafræna kerfi.

Hjá Sjónvarpinu töldust nýjar myndavélar fréttamanna, sem störfuðu á vegum Ríkisútvarpsins erlendis, til tækninýjunga, þar sem þær eru án myndbandsspólna. Myndir eru vistaðar jafnharðan á minnskortum, en það tryggir betri myndgæði og eykur vinnsluhraða. Fréttamenn í erlendum fréttum eru enn fremur orðnir alvanir tveimur tölvukerfum sem auðvelda samskipti við erlendar stöðvar: „superpop-þjón“ frá EBU og „nordif-þjón“, sem er sameiginlegur frétt- og efnisskiptavettvangur norrænna ríkisstöðva.

### AÐGENGI FATLAÐRA

Ríkisútvarpið flytur heyrnarlausum daglega sjónvarpsfréttir á táknmáli. Þeir líkt og aðrir njóta aðgangs að

fréttum og upplýsingum á vef Ríkisútvarpsins, í Textavarpinu og í þriðju kynslóðar farsímum. Auk þess sem þeir hafa aðgang að upplýsingasíðum um málefni sem tengjast þeim. Tákn-málstúlkun hefur fylgt sjónvarps- umræðum, sem eru í beinni útsendingu í aðdraganda alþingiskosninga. Á tímabilinu hefur verið aukið við samtímatúlkun fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta og hefur það mælst vel fyrir.

### FJÖLÞJÓÐLEGT SAMFÉLAG

Miðlar Ríkisútvarpsins gera fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi góð skil og reynt er eftir þörfum að sinna þörfum íbúa frá öðrum löndum, t.d. með fréttum og upplýsingum á erlendum tungumálum en í dag er boðið upp á fréttir á pólsku og serbókróatísku í textavarpinu. Í Suðurlandsskjálft-

unum var auk þess boðið upp á stutta fréttatíma á pólsku.

### MARKAÐSMÁL

Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna dagskrá miðla Ríkisútvarpsins. Í september og október var kynningarherferð með vetrardagskrá Sjónvarpsins hleypt af stokkunum. Í kjölfar hennar var Ríkisútvarpið tilnefnt sem eitt af þeim fyrirtækjum sem komu til greina sem markaðsfyrirtæki ársins 2007 en þau fyrirtæki sem hlutu tilnefningu þóttu hafa skarað fram úr í markaðsstarfi sínu á árinu að mati félaga ÍMARK.

Sem fyrir voru auglýsingatímar í miðlum Ríkisútvarpsins eftirsóttir. Það að hægt sé að birta auglýsingar hjá Ríkisútvarpinu er mikilvæg þjónusta við almenning, fyrirtæki og stofnanir auk



Starfsmenn Markaðssviðs að störfum



Þess að vera mikilvæg tekjulind fyrir félagið. Þær skipulagsbreytingar urðu á árinu að þann 1. apríl var markaðsstjóri færður undir útvarpsstjóra og sama dag var Einar Logi Vignisson ráðinn auglýsingastjóri. Í kjölfarið þess var starfsemi auglýsingadeildar endurskipulögð.

Hlutfall kostunar af auglýsingum var 7,16%.

Rafrænar áhorfs- og hlustunarmælingar fyrir tímabilið 2008 - 2014, sem Capacent Gallup framkvæmir fyrir ljósvakamiðlana, hófust 1. janúar 2008. Mælingin fer þannig fram að hópur fólks ber á sér mælitæki, sem er á stærð við símboða. Tækið móttekur merki sem sent er út samhliða útsendingu hljóðvarps og sjónvarps og skráir það hvað horft eða hlustað er á. Niðurstöðurnar eru síðan sendar miðlunum vikulega til frekari úrvinnslu. Með upptöku á rafrænum mælingum var mikilvægt framfaraskref stigið en niðurstöðurnar gefa skýra mynd af hlustun og áhorfi almennings á einstaka dagskrárliði, frá degi til dags allan ársins hring. Niðurstöðurnar auðvelda ljósvakamiðlunum vinnuna við faglega uppsetningu dagskrár auk þess sem auglýsendur fá gleggri mynd af því hvar hægt er að nálgast einstaka markhópa en það er forsenda fyrir því að hámarka nýtingu fjármuna sem varið er til birtinga. Fyrirfram var álitid að niðurstöður gæfu til kynna minna áhorf á sjónvarp en fyrri dagbókakannanir sýndu en því reyndist vera öfugt farið. Almennt komu miðlar Ríkisútvarpsins vel út úr þessum mælingum og þá sérstaklega Sjónvarpið.



Margrét Ögn Rafnsdóttir að störfum í Safnadeild

Capacent framkvæmdi gæðamatskönnun í október 2007 þar sem spurt var um trúverðugleika fréttu í helstu fréttamiðlum landsins. Samkvæmt henni skipa Sjónvarpið, Rás 1 og Rás 2 þrjú efstu sætin.

### ÝMIS MÁLEFNI

Ríkisútvarpið hefur lagt metnað sinn í að birta valda hluta dagskrárefnis síns og gera það aðgengilegt almenningsi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys. Þetta er gert með birtingu efnisins í nýmiðlum og með útgáfu hljóð- og mynddiska. Þetta hefur á síðustu árum verið hluti af starfsemi Ríkisútvarpsins og samkvæmt lögum ber að halda því áfram. Í bókhaldi er sérstaklega haldið utan um tekjur og gjöld af útgáfustarfsemi og þess gætt að tekjur standi undir viðbótarkostnaði.

Íslensk tónlist var að venju fyrirferðamikil í miðlum Ríkisútvarpsins. Henn-

ar er hins vegar ekki sérstaklega getið í ársskýrslunni þar sem hún er í flestum tilfellum hluti af annarri dagskrárgerð og flokkast þá þar með.

Útvarpsstjóri setti í janúar 2008 reglur um það hvernig erindum, sem berast félaginu, skuli svarað.



Niðurstæða könnunar auglýst

# Ríkisútvarpið ohf.

---

Ársreikningur

---

**1/9 2007 - 31/8 2008**

---

Ríkisútvarpið ohf.  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
kt. 600307-0450

# Ríkisútvarpið ohf.

---

Ársreikningur

---

**1/9 2007 - 31/8 2008**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	37
Skýrsla stjórnar	38
Rekstrarreikningur	39
Efnahagsreikningur	40
Yfirlit um sjóðstreymi	41
Skýringar	42-49

---



# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á áhrifum innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins ohf. á reikningsárinu 1. september 2007 til 31. ágúst 2008, efnahag þess 31. ágúst 2008 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. september 2007 til 31. ágúst 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábendingarmálgrein

Við viljum vekja athygli á skýringu 1 með ársreikningnum þar sem fjallað er um þær óvenjulegu aðstæður sem hafa skapast eftir reikningsskiladag á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Ekki er fyrirséð hver áhrif fjármálakreppunnar verður á áframhaldandi rekstur félagsins og er því almenn óvissa um rekstrarhæfi félagsins.

Reykjavík, 29. nóvember 2008.

Deloitte hf.

  
Lúdvík Þráinsson  
endurskoðandi

  
Sigurður Heiðar Steindórsson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---


Tap Ríkisútvarpsins ohf. á reikningsárinu nam kr. 739.503.075. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.635.177.423, bókfært eigið fé í lok reikningsársins er kr. 30.890.895 og eiginfjárlutfall félagsins er 0,55%.

Í lok reikningsársins var 1 hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.


Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins ohf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningsársins, rekstrarárangri reikningsársins og fjárhagslegri þróun á reikningsárinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir reikningsárið með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. nóvember 2008

  
Omar Benediktsson  
Stjórnarformaður


  
Margrét Frimannsdóttir

  
Kristín Edwald

  
Ari Skúlason

  
Svanhildur Kaaber

Framkvæmdastjóri

  
Páll Magnússon

## Rekstrarreikningur 1/9 2007 - 31/8 2008

	Skýr.	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
<b>Rekstrartekjur</b>			
Afnotagjöld .....		2.874.158.565	1.135.324.691
Auglýsingar og kostun .....		1.364.450.640	516.426.115
Aðrar tekjur .....		160.369.657	58.024.101
		<u>4.398.978.862</u>	<u>1.709.774.907</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Dagskrárkostnaður .....		3.106.209.638	1.133.829.853
Sölu­kostnaður .....		330.517.943	105.948.124
Dreifikerfi .....		223.280.335	80.863.757
Sameiginlegur rekstur og stjórnun .....		553.346.164	284.377.145
		<u>4.213.354.080</u>	<u>1.605.018.879</u>
<b>Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir</b>			
		185.624.782	104.756.028
Afskriftir .....	6	(257.257.160)	(109.070.977)
<b>Rekstrartap</b>			
		(71.632.378)	(4.314.949)
Fjármunatekjur .....	4	112.834.491	56.743.860
Fjármagnsgjöld .....	5	(874.895.870)	(160.641.976)
<b>Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals</b>			
		<u>(762.061.379)</u>	<u>(103.898.116)</u>
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b>			
		(833.693.757)	(108.213.065)
Tekjuskattur .....	11	94.190.682	0
<b>Tap</b>			
		<u>(739.503.075)</u>	<u>(108.213.065)</u>

## Efnahagsreikningur 31. ágúst 2008

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.08.2008</b>	<b>31.08.2007</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	4.236.278.810	4.330.587.501
Reiknuð tekjuskattsinneign .....	11	94.190.682	0
		<u>4.330.469.492</u>	<u>4.330.587.501</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Keypt réttindi og eigin framleiðsla .....	7	659.644.542	483.650.627
Viðskiptakröfur .....	8	395.816.266	330.322.457
Aðrar skammtímakröfur .....	8	65.473.567	61.311.445
Handbært fé .....	8	183.773.556	971.805.107
		<u>1.304.707.931</u>	<u>1.847.089.635</u>
<b>Eignir</b>		<u><u>5.635.177.423</u></u>	<u><u>6.177.677.137</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	9	839.723.000	839.723.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		38.884.035	38.884.035
Ójafnað tap .....		(847.716.140)	(108.213.065)
Eigið fé		<u>30.890.895</u>	<u>770.393.970</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir og LSR .....	10	3.422.617.257	3.168.454.326
Skuldir við lánastofnanir - fjármögnunarleigusamningar .....	10	9.810.658	14.423.121
Aðrar langtímaskuldir .....	10	649.305.653	572.017.335
		<u>4.081.733.568</u>	<u>3.754.894.782</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	12	708.683.849	563.645.445
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	12	253.091.315	214.403.099
Aðrar skammtímaskuldir .....	12	560.777.796	874.339.840
		<u>1.522.552.960</u>	<u>1.652.388.385</u>
Skuldir		<u>5.604.286.528</u>	<u>5.407.283.166</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>5.635.177.423</u></u>	<u><u>6.177.677.137</u></u>



## Yfirlit um sjóðstreymi 1/9 2007 - 31/8 2008

	Skýr.	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap .....		(739.503.075)	(108.213.065)
<b>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé</b>			
Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna .....		257.257.160	109.070.977
Verðbætur og gengismunur langtímalána .....		591.951.318	83.353.137
Hækkun á reiknaðri skattinneign .....	11	(94.190.682)	0
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<u>15.514.722</u>	<u>84.211.049</u>
<b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</b>			
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		(175.993.915)	68.079.289
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun .....		(65.493.809)	(3.418.002)
Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun .....		(4.162.122)	(35.053.669)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) .....		(168.523.641)	453.407.271
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<u>(398.658.766)</u>	<u>567.225.938</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(162.948.470)	(33.874.810)
		<u>(162.948.470)</u>	<u>(33.874.810)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....	10	(226.424.311)	(108.250.437)
		<u>(226.424.311)</u>	<u>(108.250.437)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(788.031.547)	425.100.691
Handbært fé í upphafi reikningsárs .....		971.805.107	546.704.416
Handbært fé í lok reikningsárs .....		<u>183.773.560</u>	<u>971.805.107</u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 6/2007.

Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Ríkisútvarpinu ohf. er einnig heimilt að stunda rekstur sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannabágu en ber þá að halda fjárreiðum vegna þess aðskildum frá rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu. Ekki var um slíkan rekstur að ræða á reikningsárinu.

Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Ekki er fyrir séð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu félagsins og rekstur í framtíðinni og er því almenn óvissa um rekstrarhæfi félagsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsár Ríkisútvarpsins ohf. er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Þar sem félagið var stofnað 1. apríl 2007 eru samanburðar tölur í ársreikning einungis 5 mánuðir. Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð þegar þjónusta er veitt og vörur eru afhentar. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur keypt aðföng, launakostnað, beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söliverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar. Niðurfærslan grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í lok reikningsársins.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

# Skýringar

## 3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig í þús kr.:	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
Heildarlaun .....	1.756.533	692.444
Launatengd gjöld .....	393.005	140.913
	<u>2.149.539</u>	<u>833.357</u>
Laun fastráðinna starfsmanna af heildarlaunum .....	1.585.201	632.284
Meðalfjöldi fastráðinna starfsmanna .....	324	326

Heildarlaun og þóknar til ellefu helstu stjórnenda námu 112 milljónum króna, þar af til útvarpsstjóra 18 milljónum króna. Stjórnarlaun fyrir tvö rekstartímabil 1.4.2007-31.8.2007 og 1.9.2007 - 31.08.2008 voru gjaldfærð í ársreikningi og nema þau samtals 7,8 milljónum króna.

## 4. Fjármunatekjur

	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
Gengishagnaður .....	0	9.535.118
Aðrar vaxtatekjur .....	112.834.491	47.208.743
	<u>112.834.491</u>	<u>56.743.860</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....	(27.595.636)	(1.773.058)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(669.221.915)	(158.062.110)
Gengistap .....	(172.635.059)	0
Önnur vaxtagjöld .....	(5.443.260)	(806.809)
	<u>(874.895.870)</u>	<u>(160.641.976)</u>



# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Staða í upphafi reikningsárs ....	3.168.611.427	490.381.275	622.503.147	49.091.652	4.330.587.501
Eignfært á reikningsárinu .....	0	0	163.310.983	0	163.310.983
Selt á reikningsárinu .....	0	0	(362.514)	0	(362.514)
Afskrift reikningsársins .....	(72.308.329)	(80.468.368)	(104.480.463)	0	(257.257.160)
Staða í lok reikningsárs .....	3.096.303.098	409.912.907	680.971.154	49.091.652	4.236.278.810
Afskriftarhlutföll .....	2-3%	2-10%	7-20%	0%	

	Fasteignamat 31/08 2008	Brunabótamat 31/8 2008	Bókfært verð
Efstaleiti 1 .....	3.735.840.000	3.037.900.000	3.062.279.932
Aðrar fasteignir .....	16.925.000	45.050.000	34.023.166
Dreifikerfi .....	256.491.000	353.964.000	409.912.907
Aðrar eignir .....	0	0	730.062.806
	4.009.256.000	3.436.914.000	4.236.278.810

## 7. Keypt réttindi og eigin framleiðsla

	31.8.2008	31.8.2007
Dagskrárbirgðir .....	619.905.768	438.783.903
Aðrar birgðir .....	39.738.774	44.866.724
	659.644.542	483.650.627

## 8. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.8.2008	31.8.2007
Innlendar viðskiptakröfur .....	19.441.160	20.471.740
Erlendar viðskiptakröfur .....	17.776.609	1.250.679
Útistandandi afnotagjöld .....	162.902.249	146.038.302
Útistandandi auglýsingar .....	195.696.248	162.561.736
	395.816.266	330.322.457

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 229 m.kr. er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í lok tímabilsins.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna tímabilsins:

Staða afskriftareiknings 31/8 2007.....	222.000.000
Endanleg afskrift reikningsársins.....	(103.394.042)
Breyting afskriftareiknings á reikningsárinu.....	110.394.042
Staða afskriftareiknings 31/8 2008.....	229.000.000

# Skýringar

## 8. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur	31.8.2008	31.8.2007
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	38.744.542	28.900.284
Fjármagnstekjuskattur .....	12.461.802	2.172.491
Ógreiddir óinnheimtir vextir .....	10.968.311	24.833.394
Aðrar kröfur .....	3.298.912	5.405.276
	<u>65.473.567</u>	<u>61.311.445</u>
<b>Handbært fé</b>	<b>31.8.2008</b>	<b>31.8.2007</b>
Sjóður .....	59.815	91.803
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	181.846.945	832.636.668
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	1.866.796	139.076.636
	<u>183.773.556</u>	<u>971.805.107</u>

## 9. Eigið fé

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Upphafsstæða 1.9.2007 .....	839.723.000	38.884.035	(108.213.065)	770.393.970
Tap reikningsársins .....	0	0	(739.503.075)	(739.503.075)
Eigið fé 31.8.2008 .....	<u>839.723.000</u>	<u>38.884.035</u>	<u>(847.716.140)</u>	<u>30.890.895</u>

## 10. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir og LSR	
	31.8.2008	31.8.2007	31.8.2008	31.8.2007
Skuldir í CHF .....	0	0	34.097.997	27.304.366
Skuldir í DKK .....	0	0	22.504.374	24.050.169
Skuldir í EUR .....	0	0	203.513.105	174.907.213
Skuldir í USD .....	0	0	121.655.404	106.993.244
Skuldir í ISK .....	649.305.653	572.017.335	3.303.748.350	3.064.025.554
	<u>649.305.653</u>	<u>572.017.335</u>	<u>3.685.519.230</u>	<u>3.397.280.546</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	0	0	(253.091.315)	(214.403.099)
Langtímaskuldir alls .....	<u>649.305.653</u>	<u>572.017.335</u>	<u>3.432.427.915</u>	<u>3.182.877.447</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

Næsta árs afborganir .....	253.091.315
Afborganir 2009/2010.....	246.835.075
Afborganir 2010/2011.....	243.691.692
Afborganir 2011/2012.....	250.696.506
Afborganir 2012/2013.....	258.055.936
Afborganir síðar .....	<u>3.082.454.359</u>
	<u>4.334.824.883</u>

# Skýringar

## 11. Reiknuð skattinneign

	Reiknuð skattinneign
Staða 1.9.2007 .....	0
Reiknuð skattinneign í rekstrarreikningi 1.9.2007 - 31.08.2008 .....	94.190.682
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2009 .....	0
Staða 31.08.2008 .....	94.190.682

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2009 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður. Reiknuð skattinneign er færð í efnahagsreikning félagsins þar sem líkur eru taldar á því að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Varfærnisssjónarmið réðu því að 2/3 af reiknaðri skattinneign félagsins (1.4.2007 - 31.8.2008) er færð til eignar í efnahagsreikningi. Miðað við fulla uppfærslu hefði reiknuð skattinneign félagsins orðið 141 m. kr.

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.8.2008	31.8.2007
Innlendar viðskiptaskuldir.....	450.444.208	272.117.917
Erlendar viðskiptaskuldir.....	258.239.641	291.527.529
	708.683.849	563.645.445

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.8.2008	31.8.2007
Skuld við ríkissjóð vegna launakostnaðar .....	0	367.040.016
Virðisaukaskattur.....	29.780.668	28.990.509
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	87.156.943	72.337.819
Ógreiddar eftirstöðvar kaupsamnings.....	0	56.614.970
Biðlaunaskuldbinding.....	30.498.104	122.416.800
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	284.190.155	139.047.993
Ógreiddir áfallnir vextir.....	122.209.013	79.597.978
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	2.584.008	2.584.008
Aðrar skuldir .....	4.358.905	5.709.747
	560.777.796	874.339.840

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.8.2008	31.8.2007
Skuldir við lánastofnanir .....	237.024.412	194.225.202
Fjármögnunarleigusamningar .....	16.066.903	20.177.897
	253.091.315	214.403.099

# Skýringar

## 13. Ábyrgðir og önnur mál

Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í ársreikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 36,8 m.kr. í lok reikningsársins. Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 26 m.kr. í lok reikningsársins.

Eftirlitsstofnun EFTA, er með mál til meðferðar er snertir fjármögnun og rekstur Ríkisútvarpsins. Forráðamenn Ríkisútvarpsins ohf. telja ólíklegt að mál þetta muni hafa áhrif á starfsemi félagsins eða að fjárskuldbinding vegna málsins muni falla á félagið. Skuldbinding vegna þessa hefur því ekki verið færð í ársreikninginn.

Tveir dómur voru kveðnir upp af Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Ríkisútvarpið ohf. var stefndi. Ekki liggur fyrir hvort framangreindum tveimur dómsmálum verður áfrýjað til Hæstaréttar. Kröfurnar eru samtals að fjárhæð 3,6 m.kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa í rekstrar- og efnahagsreikningi.

## 14. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Samkeppniseftirlitið birti þann 14. nóvember 2008 álit nr. 4/2008 þar sem það leggur til endurskoðun á þátttöku Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði. Óvissa er um hvaða áhrif þetta hefur á framtíðarþátttöku Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði.

## 15. Kennitölur

	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
Úr rekstrarreikningi:		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	185.624.782	104.756.028
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur .....	4,2%	6,1%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur .....	-1,6%	-0,3%
Hagnaður reikningsársins / rekstrartekjur .....	-16,8%	-6,3%
Hlutfall afnotagjalda af rekstrartekjum .....	65,3%	66,4%
Hlutfall auglýsinga og kostunar af rekstrartekjum .....	31,0%	30,2%
Hlutfall kostunar af auglýsinga- og kostunartekjum .....	7,2%	12,5%
Hlutfall dagskrárkostnaðar af rekstrartekjum .....	70,6%	66,3%
Úr efnahagsreikningi:	31.08.2008	31.08.2007
<b>Greiðsluhæfi</b>		
a) Lausafjárlutfall .....	0,42	0,83
b) Veltufjárlutfall .....	0,86	1,12
a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir    b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>		
c) Eiginfjárlutfall .....	0,5%	12,5%
c) Eigið fé/heildarfjármagn		



# Skýringar

---

## 16. Sjóðstreymisýfirlit

	1/9 2007 - 31/8 2008	1/4 2007 - 31/8 2007
Tap reikningsársins .....	(739.503.075)	(108.213.065)
Afskriftir .....	257.257.160	109.070.977
Reiknaðir fjármagnsliðir .....	591.951.318	83.353.137
Aðrar breytingar.....	<u>(95.832.162)</u>	<u>0</u>
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	13.873.242	84.211.049
Breyting á:		
Rekstrartengdum eignum .....	(245.649.846)	29.607.618
Rekstrartengdum skuldum .....	<u>(168.523.641)</u>	<u>453.407.271</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u><u>(400.300.246)</u></u>	<u><u>567.225.938</u></u>



**Ríkisútvarpið** starfar samkvæmt lögum nr. 6/2007, sbr. lög nr. 122/2000, lögum nr. 174/2008, lögum nr. 53/2000 og þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið dagsettum 23. mars 2007.

**Ríkisútvarpið** starfrækir tvær útvarpsstöðvar, Rás 1 og Rás 2, eina sjónvarpsstöð, Sjónvarpið, textavarp og netmiðil.

Hlutverk **Ríkisútvarpsins** er að uppfylla menningarlegar, þjóðfélagslegar og lýðræðislegar þarfir í íslensku samfélagi með því að miðla texta, hljóði og myndum.

**Ríkisútvarpið** kappkostar að miðla með vönduðum hætti fréttum, upplýsingum, menningarefni, fræðsluefni, skemmtiefni og afþreyingu. Sérstök áhersla er lögð á rækt við íslenska tungu, sögu og menningu.

**Ríkisútvarpið** leggur áherslu á að flytja fréttir og fréttatengt efni af sanngirni og hlutlægni.

**Ríkisútvarpið** leggur áherslu á að þjóna landsmönnum af natni með því að afgreiða fljótt og vel erindi sem því berast og kanna viðhorf og skoðanir almennings á veittri þjónustu.

**Ríkisútvarpið** varðveitir frumflutt dagskrárefni á aðgengilegu formi.

**Ríkisútvarpið** gegnir öryggishlutverki og tekur þátt í almannavörnum landsins.

